

Frumvarp til laga

um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að tryggja öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra og að efla varnir gegn mengun sjávar. Þessu markmiði skal náð með því að gera tilteknar kröfur um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn þeirra sem starfa um borð og tryggja faglega hæfni og örugga vaktstöðu áhafnar miðað við stærð skips, verkefni og far-svið.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi taka til áhafna allra íslenskra skipa sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu skipa annarra en þeirra sem getið er í 2. mgr. Lög þessi taka jafnframt til áhafna þeirra erlendu skipa sem notuð eru að staðaldri í íslenskri landhelgi, sbr. 3. mgr. 11. gr.

Lög þessi gilda ekki um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. Um áhafnir slíkra skipa fer eftir ákvæðum laga nr. 76/2001, með síðari breytingum.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- Alþjóðasamþykktin* er alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips (STCW-F) frá 1995.
- Atvinnuskírteini* er skjal sem er í gildi og er staðfesting á atvinnuréttindum samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim. Í skírteininu skal tilgreina þá stöðu sem skírteinishafi hefur heimild til að gegna um borð í skipi miðað við gerð, stærð og vélarafli þess.
- Áritun* er viðurkenning skírteina erlendra ríkisborgara til starfa á íslenskum skipum samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
- Brúttótonn* er mælieining fyrir heildarstærð skips eins og hún er ákvörðuð samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktar um skipamælingar frá 23. júní 1969.
- Farsvið* er nánari landfræðileg skilgreining á því hafsvæði sem skipi er heimilt að sigla um að teknu tilliti til smíði, ástands og stærðar skips, búnaðar þess, mönnunar og umhverfisþátta.

6. *Fiskiskip* er hvert það skip, skrásett sem fiskiskip, sem notað er í atvinnuskyni til að veiða fisk eða aðrar lífrænar auðlindir hafsins.
7. *Fjarskiptamaður* er lögmætur handhafi atvinnuskírteinis sem er gefið út eða viðurkennt af Póst- og fjarskiptastofnun samkvæmt ákvæðum alþjóðaradíóreglugerðarinnar. Með alþjóðaradíóreglugerðinni er átt við reglur um fjarskipti sem eru viðauki við, eða sem taldar eru viðauki við, alþjóðafjarskiptasamþykktina.
8. *Fyrsti vélstjóri* er sá vélstjóri sem gengur næst yfirvélstjóra og tekur við vélstjórn og ábyrgð yfirvélstjóra í forföllum hans. 1. vélstjóri er sá sami og telst annar vélstjóri samkvæmt alþjóðasamþykktinni og skal uppfylla sömu kröfur og þar eru gerðar.
9. *Neyðaráætlun áhafnar* eru fyrirmæli útgerðar og skipstjóra um hlutverkaskipan áhafnar, þ.e. um viðbrögð, ábyrgð og skyldur hvers skipverja þegar neyðarástand skapast um borð í skipi.
10. *Siglingatími* er viðurkenndur starfstími um borð í fiskiskipi í förum sem krafist er vegna útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum.
11. *Sjómannaskóli* er menntastofnun skv. 4. gr.
12. *Skemmtibátur* er hvert það skip, skrásett sem skemmtiskip samkvæmt lögum um skráningu skipa, sem er ekki notað í atvinnuskyni og ætlað til skemmtisiglinga, óháð þeirri orku sem knýr skipið.
13. *Skip* er hvert það skip sem skráð er samkvæmt lögum um skráningu skipa og lög þessi taka til.
14. *Skipstjóri* er sá sem fer með æðsta vald á skipi, sbr. ákvæði sjómannalaga.
15. *Skipstjórnarmaður* er hver sá sem fullnægt hefur þeim skilyrðum sem lög þessi kveða á um að skuli vera fullnægt til að fá útgefið atvinnuskírteini til skipstjórnar.
16. *Strandsigling* er sigling innan íslenskrar efnahagslögsögu.
17. *Stýrimaður* er sá stýrimaður sem er lægra settur en yfirstýrimaður.
18. *Útgerðarmaður* er sá sem mannar skipið, ræður ferðum þess, ber kostnaðinn af þeim og nýtur arðsins af þeim.
19. *Varðskip* er hvert það skip, skrásett sem varðskip eða gæsluskip, sem notað er til landhelgisgæslu og björgunarstarfa undir yfirstjórn Landhelgisgæslu Íslands.
20. *Vélarafll* er bremsuafll, þ.e. heildarúttaksafll véla sem notaðar eru til að knýja skipið.
21. *Vélavörður* er sá sem annast vélstjórn á skipum með vélarafll allt að 750 kW og sem eru allt að 12 metrar að mestu lengd.
22. *Vélstjóri* er sá vélstjóri sem er lægra settur en yfirvélstjóri eða 1. vélstjóri.
23. *Vélstjórnarmaður* er hver sá sem fullnægt hefur þeim skilyrðum sem lög þessi kveða á um að skuli vera fullnægt til að fá útgefið atvinnuskírteini til vélstjórnar.
24. *Yfirstýrimaður* gengur næst skipstjóra og tekur við ábyrgð og skipstjórn í forföllum hans.
25. *Yfirvélstjóri* er æðsti vélstjóri um borð og ber ábyrgð á vélum sem knýja skipið, rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar þess.
26. *Þjálfunarbók* er bók sem gefin er út eða viðurkennd af Siglingastofnun Íslands þar sem skráð eru verkefni sem falla undir fræðslu um borð og skal fullnægjandi framkvæmd þeirra staðfest af yfirmanni eftir því sem við á. Nánar er kveðið á um gerð og færslu þjálfunarbókar í reglugerð.
27. *Önnur skip* eru hver þau skip sem ekki teljast vera farþegaskip eða flutningaskip samkvæmt lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa og teljast ekki vera fiskiskip, skemmtibátar eða varðskip samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Menntun og þjálfun.

Sjómannaskólar annast menntun og þjálfun áhafna skipa. Um inntökuskilyrði sjómanna-skóla, námskrá, nám, námstillhögun, námsmat og námsstig til öflunar tiltekinna skírteina samkvæmt lögum þessum fer eftir lögum um framhaldsskóla og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Nám og kennsla í sjómannaskólum skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi.

Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina, sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla, gerir tillögu til menntamálaráðherra, að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands, um námskrár sjómannaskóla.

Um Slysavarnaskóla sjómanna gilda lög nr. 33/1991 og staðfestir samgönguráðherra námskrá skólans. Menntamálaráðuneytið staðfestir námskrár annarra sjómannaskóla og ber ábyrgð á að þær uppfylli kröfur alþjóðasamþykktarinnar.

Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með að nám við sjómannaskóla uppfylli kröfur alþjóðasamþykktarinnar.

II. KAFLI

Skírteini og undanþágur.

5. gr.

Útgáfa skírteina.

Siglingastofnun Íslands gefur út skírteini samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Skírteinin skulu rituð á þar til gerð eyðublöð og skulu þau vera bæði á íslensku og ensku. Útgáfa atvinnuskírteina og áritana þeirra skal vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi. Umsóknum um skírteini skal skilað til Siglingastofnunar Íslands á þar til gerðu umsóknareyðublaði eða rafrænt.

Atvinnuskírteini skv. 1. mgr. má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir eftirtöldum skilyrðum:

1. Skipstjóri á íslensku skipi skal ávallt vera íslenskur ríkisborgari. Þó geta ríkisborgarar annarra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunar-samtaka Evrópu og Færeyingar starfað sem skipstjórar á íslenskum skipum hafi þeir staðist sérstakt próf um kunnáttu og færni í íslensku og þekkingu á íslenskum lögum og reglum er varða þau störf sem þeir fá réttindi til að gegna.
2. Umsækjandi skal fullnægja skilyrðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim um menntun og þjálfun, aldur og siglingatíma.
3. Umsækjandi skal vera svo heill heilsu að hann geti rækt störf sín af öryggi. Skal hann leggja fram vottorð læknis til staðfestingar á því að hann uppfylli skilyrði um sjón, heyrn og aðrar heilbrigðiskröfur.
4. Umsækjandi skal hafa að baki fullnægjandi siglingatíma, sbr. 8.–9. gr. Hann skal færa sönnur á siglingatíma sem hann telur sig hafa að baki. Staðfesting lögskráningarstjóra eða rétt útfyllt sjóferðabók telst fullnægjandi sönnun á siglingatíma. Umsækjandi atvinnuskírteinis sem kveðst hafa að baki siglingatíma á skipi sem ekki er skráð á Íslandi skal færa sönnur á þann siglingatíma á fullnægjandi hátt að mati Siglingastofnunar Íslands.

Frumrit atvinnuskírteinis sem krafist er skal ávallt vera um borð í því skipi sem atvinnuskírteinishafi er skráður eða ráðinn á.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir útgefin skírteini.

6. gr.

Gildistími og endurnýjun skírteina.

Skírteini sem gefin eru út samkvæmt lögum þessum skulu gilda í allt að fimm ár frá útgáfudegi. Siglingastofnun Íslands getur vegna sérstakra aðstæðna gefið út bráðabirgðaskírteini.

Siglingastofnun Íslands endurnýjar skírteini til allt að fimm ára í senn. Heimilt er að endurnýja atvinnuskírteini sem ekki falla undir alþjóðasamþykktina til lengri tíma en fimm ára eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð. Við endurnýjun skírteina skal umsækjandi:

1. fullnægja þeim heilbrigðiskröfum sem gerðar eru á hverjum tíma til að öðlast skírteini, þ.m.t. varðandi sjón og heyrn, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 5. gr., og
2. hafa að baki siglingatíma í stöðu sem skírteini veitir honum rétt til a.m.k. í eitt ár á síðustu fimm árum eða
3. hafa verið í starfi sem samsvarar viðkomandi skírteini og telst a.m.k. sambærilegt við siglingatíma sem krafist er skv. 2. tölul. eða með því að:
 - a. hafa innt af hendi störf sem teljast sambærileg að mati Siglingastofnunar eða
 - b. hafa staðist viðurkennd próf eða lokið á fullnægjandi hátt viðurkenndu námskeiði/endurmenntunarnámskeiði eða
 - c. hafa siglingatíma í a.m.k. þrjá mánuði í næstu lægri stöðu sem hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu.

Endurmenntunarnámskeið samkvæmt þessari grein skulu samþykkt af Siglingastofnun Íslands og skulu þau m.a. taka mið af gildandi alþjóðareglum um öryggi mannlífa á sjó, alþjóðasamþykktinni og reglum um varnir gegn mengun sjávar.

7. gr.

Viðurkenning erlendra skírteina.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að viðurkenna og árita erlend skírteini í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Siglingastofnun Íslands er heimilt að veita lögmeðum handhöfum erlendra skírteina leyfi í allt að þrjá mánuði til að gegna tilteknu starfi á tilteknu skipi þar sem krafist er atvinnuskírteinis, ef lögð eru fram fullgild vottorð eða skírteini á meðan eða þar til Siglingastofnun Íslands hefur sannreynt viðkomandi gögn og viðurkennt erlenda atvinnuskírteinið, enda geti viðkomandi skilið fyrirmæli yfirmanna skipsins og stjórnad verkum í þeirra umboði.

Um umsóknir frá ríkisborgurum Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum tilskipunar ráðsins 92/51/EBE, sbr. lög um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, nr. 83/1993, með síðari breytingum. Hið sama gildir um umsóknir frá ríkisborgurum aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyja.

Um umsóknir frá ríkisborgurum utan Evrópska efnahagssvæðisins um viðurkenningu á réttindum til starfa á skipum sem lög þessi taka til skal fara eftir ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur í samræmi við skyldur íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum.

Siglingastofnun Íslands heldur skrá yfir viðurkennd erlend skírteini.

8. gr.

Skipstjórnarskírteini á fiskiskipum.

Sá einn sem er lögmætur handhafi atvinnuskírteinis hefur rétt til starfa við skipstjórn um borð í fiskiskipum með þeim takmörkunum sem hér greinir í þann tíma sem gildistími atvinnuskírteinis tilgreinir. Eftirfarandi skírteini til skipstjórnar skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Skipstjórnarmenn	Takmarkanir á lengd skips	Aldur	Siglingatími
Yfirstýrimaður/ Skipstjóri, <12 m	<24 m að skráningarlengd í strandsiglingum	18	A
Skipstjóri	<24 m að skráningarlengd í strandsiglingum	20	B
Yfirstýrimaður	engar	20	D
Skipstjóri	engar	20	E
Undirstýrimaður	engar	18	C

Siglingatími:

- a.m.k. 18 mánuðir sem háseti á skipi.
- a.m.k. 12 mánaða siglingatími sem yfirstýrimaður eða a.m.k. 12 mánaða siglingatími sem skipstjóri á skipi sem er styttra en 12 metrar að mestu lengd.
- a.m.k. 12 mánaða siglinga- og þjálfunartími, enda hafi umsækjandi fengið fræðslu um borð og sá tími verið skráður í þjálfunarbók eða að öðrum kosti a.m.k. 24 mánaða siglingatími sem háseti á skipi.
- a.m.k. 12 mánaða siglingatími sem undirstýrimaður á skipi sem er 24 metrar eða lengra eða a.m.k. 12 mánaða siglingatími sem yfirstýrimaður eða skipstjóri á skipi sem er lengra en 12 metrar að mestu lengd.
- a.m.k. 24 mánaða siglingatími sem stýrimaður á skipi sem er 24 metrar eða lengra.

Skipstjórnarmenn skulu uppfylla kröfur til þess að öðlast skírteini fjarskiptamanns.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að setja reglur um útgáfu skírteina til skipstjórnar á skipum sem eru 10 metrar eða styttri að mestu lengd til siglinga á takmörkuðu hafsvæði eins og það er skilgreint í reglugerð.

9. gr.

Vélstjórnarskírteini á fiskiskipum.

Sá einn sem er lögmætur handhafi atvinnuskírteinis hefur rétt til starfa við vélstjórn um borð í fiskiskipum með þeim takmörkunum sem hér greinir í þann tíma sem gildistími atvinnuskírteinis tilgreinir. Eftirfarandi skírteini til vélstjórnar skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Vélstjórnarmenn	Takmarkanir á vélarafli og lengd skips	Aldur	Siglingatími
Vélavörður	<750 kW á skipum <12 m að mestu lengd	18	A
Yfirvéltjóri	<750 kW	18	B
1. véltjóri	≤1.500 kW	18	C
Yfirvéltjóri	≤1.500 kW	20	D
1. véltjóri	<3.000 kW	20	E
Yfirvéltjóri	<3.000 kW	20	D
1. véltjóri	engar	20	E
Yfirvéltjóri	engar	20	F
Undirvéltjóri	engar	18	G

Siglingatími:

- A. a.m.k. 9 mánaða siglinga- og námstími.
- B. a.m.k. 9 mánaða siglingatími sem háseti eða vélavörður á skipi.
- C. a.m.k. 12 mánaða siglingatími sem undirvélstjóri á skipi sem er lengra en 12 metrar að mestu lengd.
- D. a.m.k. 24 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipi með vélarafli 750 kW eða meira, þar af a.m.k. 12 mánaða siglingatími eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem 1. vélstjóri á skipi með vélarafli allt að 3.000 kW.
- E. a.m.k. 12 mánaða siglingatími sem undirvélstjóri á skipi með vélarafli meira en 750 kW.
- F. a.m.k. 36 mánaða siglingatími sem vélstjóri á skipi með vélarafli meira en 750 kW, þar af a.m.k. 12 mánaða siglingatími eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem 1. vélstjóri á skipi með vélarafli 3.000 kW eða meira.
- G. a.m.k. 18 mánaða siglinga- og þjálfunartími eða a.m.k. 6 mánaða siglingatími, hafi umsækjandi lokið viðurkenndri verkstæðisþjálfun í landi og um borð í skipi og sá tími verið skráður í þjálfunarbók eða umsækjandi lokið sveinsprófi í viðurkenndri málm-iðnaðargrein.

Við mat á siglingatíma til atvinnuréttinda er heimilt að taka tillit til starfsreynslu og starfstíma við vélstjórn við aðrar stærðir véla en að framan greinir.

10. gr.

Varðskip.

Um atvinnuskírteini til starfa um borð í varðskipum fer að ákvæðum laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. Skippherra á varðskipi skal auk þess hafa lokið námi við sjómanskóla sem veitir rétt til að vera skippherra á varðskipi.

11. gr.

Skemmtibátar.

Sá einn sem er lögmætur handhafi skipstjórnarskírteinis til stjórnunar skemmtibáts hefur rétt til að annast stjórn skráningarskylds skemmtibáts. Siglingastofnun Íslands gefur út skipstjórnarskírteini til stjórnunar skemmtibáta. Eftirfarandi skírteini til skipstjórnar á skemmtibátum skulu gefin út að uppfylltum skilyrðum um menntun og þjálfun, aldur, siglingatíma, heilbrigði, sjón og heyrn:

Staða	Takmarkanir	Aldur
Skipstjóri	≤ 10 metrar	18
Skipstjóri	engar	20

Nám og kennsla til réttinda á skemmtibáta skal vera samkvæmt námskrá sem menntamálaráðuneytið setur að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands.

Þeir sem stjórna skemmtibátum sem skrásettir eru erlendis og notaðir eru í íslenski landhelgi að staðaldri skulu uppfylla kröfur þessarar greinar um skírteini eða vera handhafar annars sambærilegs erlends skírteinis að mati Siglingastofnunar Íslands.

Samgönguráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um skemmtibáta, þar á meðal um menntun og þjálfun skipstjóra, öryggisfræðslu, próf og skírteini og skilyrði þeirra.

12. gr.

Önnur skip.

Sá einn sem er lögmætur handhafi skipstjórnarskírteinis hefur rétt til að annast skipstjórn annars skips skv. 3. gr. Sá einn sem er lögmætur handhafi vélstjórnarskírteinis hefur rétt til að annast vélstjórn annars skips skv. 3. gr.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um menntun og þjálfun áhafnar annarra skipa skv. 3. gr., öryggisfræðslu, próf og skírteini auk skilyrða þeirra.

13. gr.

Undanþágur.

Samgönguráðherra skipar fimm menn í undanþágunefnd til fimm ára í senn og jafnmarga til vara. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af útgerðarmönnum, einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einum tilnefndum af Vélstjórafélagi Íslands. Samgönguráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a.m.k. annar þeirra uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Í undantekningartilfellum og þegar menn með tilskilin skírteini vantar til starfa getur undanþágunefnd, telji hún að öryggi mannlífa, eigna eða umhverfis verði ekki stefnt í hættu, veitt tilteknum manni undanþágu til að gegna stöðu á tilteknu skipi í tiltekinn tíma hafi hann ekki tilskilin réttindi, sbr. 8. og 9. gr. Undanþágu í umrædda stöðu má þó ekki veita lengur en til sex mánaða, enda sé viðkomandi að mati nefndarinnar hæfur til að annast starfið á öruggan hátt.

Undanþágu má aðeins veita þeim sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu eða uppfyllir kröfur reglugerðar um undanþágur. Ef ekki er krafist atvinnuskírteinis í næstu stöðu fyrir neðan má veita þeim undanþágu sem að mati mönnunarnefndar hefur til þess þekkingu og reynslu.

Undanþágu má ekki veita til að gegna stöðu skipstjóra, sbr. 8. gr., eða yfirvélstjóra, sbr. 9. gr., nema í neyðartilvikum og þá aðeins í eins skamman tíma og unnt er.

Siglingastofnun Íslands veitir undanþágur til starfa á skemmtibátum, varðskipum og öðrum skipum samkvæmt lögum þessum. Undanþágunefnd veitir undanþágur til starfa á fiskiskipum samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Eldri skírteini.

Þeir sem eru lögmætir handhafar atvinnuskírteina samkvæmt lögum sem falla úr gildi við gildistöku þessara laga skulu halda réttindum sínum óskertum, enda fullnægi þeir öðrum kröfum laga þessara, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. og eins og mælt er fyrir um í reglugerð. Heimilt er að gefa út ný skírteini í stað eldri skírteina í samræmi við ákvæði reglugerðar, enda séu réttindi þeirra atvinnuskírteinishafa í engu skert. Nánar skal kveðið á um gildistíma eldri skírteina í reglugerð.

Hafi skipstjórnarmaður atvinnuskírteini til skipstjórnarstarfa á skipi samkvæmt brúttórúmllestaviðmiðun eldri laga, sem hann hefur ekki réttindi til að gegna samkvæmt lögum þessum, skal hann eigi að síður eiga rétt á að fá útgefin atvinnuskírteini til þess að gegna sömu störfum á því skipi og skipum sem eins háttar um að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

III. KAFLI

Öryggismönnun skipa, vaktstaða og starfsskipulag.

15. gr.

Mönnun skipa.

Sérhvert íslenskt skip samkvæmt lögum þessum skal svo mannað skipstjórnar- og vélstjórnarmönnum að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar og skips og að framfylgt sé lögum og reglum um verndun umhverfis.

Skipstjórnarmenn skulu vera lögmætir handhafar atvinnuskírteina miðað við stærð og farsvið skipsins og vélstjórnarmenn miðað við vélarafli þess.

Siglingastofnun Íslands ákveður mönnun skipa samkvæmt lögum þessum, annarra en fiskiskipa, og gefur út öryggismönnunarskírteini þar sem kveðið er á um lágmarksfjölda í áhöfn, samsetningu áhafnar og skírteini sem krafist er til að gegna einstökum stöðum. Mönnunarnefnd ákveður mönnun fiskiskipa samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerðar.

16. gr.

Vaktstaða og starfsskipulag.

Skipstjóri skal tryggja að fyrirkomulag vakta sé á þann veg að ávallt sé staðin örugg vakt um borð, hvort sem skipið er á siglingu eða við akkeri.

Undir yfirumsjón skipstjóra eru stýrimenn ábyrgir fyrir öruggri siglingu skipsins á sinni vakt og ber þeim sérstaklega að varast árekstur og strand auk þess að koma í veg fyrir mengun sjávar.

Yfirvélstjóri er ábyrgur fyrir öruggri vakt í vélarrúmi og skal hann tryggja að vélstjóri sé tiltækur til að gegna vakt í ómönnuðu vélarrúmi og standa þar vaktir ef þörf krefur.

Þeir sem gegna starfi fjarskiptamanns eru á sinni vakt ábyrgir fyrir samfelldri hlustun á viðeigandi tíðnum.

Um vinnu- og hvíldartíma skipverja fer eftir ákvæðum sjómannalaga. Vaktir skulu þannig skipulagðar að þeir sem standa þær fái næga hvíld. Útgerðarmaður og skipstjóri skulu tryggja að skipverjar fái nægilega hvíld.

Heimilt er í reglugerð að kveða á um tiltekið starfsskipulag um borð í skipi með það að markmiði að tryggja að önnur störf, sem annast þarf um borð í skipum, hafi ekki áhrif á skyldur vakthafandi skipstjórnarmanns og vélstjórnarmanns og vaktstöðu á stjörnpalli og í vélarrúmi.

17. gr.

Lágmarksfjöldi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipum.

Á hverju fiskiskipi skal vera skipstjóri. Á fiskiskipi sem er 24 metrar að skráningarlengd eða lengra en styttra en 45 metrar að skráningarlengd skal vera stýrimaður. Á fiskiskipi sem er styttra en 24 metrar að skráningarlengd skal vera stýrimaður ef útivera skips fer fram úr 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Á fiskiskipi sem er 45 metrar og lengra að skráningarlengd skulu vera tveir stýrimenn.

Á fiskiskipi með vélarafli minna en 750 kW og sem er styttra en 12 metrar að mestu lengd skal vera vélavörður. Á fiskiskipi með vélarafli minna en 750 kW og sem er 12 metrar að mestu lengd eða lengra skal vera yfirvélstjóri. Á fiskiskipi með vélarafli minna en 750 kW og sem er 12 metrar að mestu lengd eða lengra skal vera vélavörður ef útivera skips fer fram úr 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Á fiskiskipi með vélarafli 750 kW eða meira, en minna en 1.500 kW skal vera yfirvélstjóri og 1. vélstjóri. Á fiskiskipi með vélarafli yfir 1.500 kW skal vera yfirvélstjóri, 1. vélstjóri og undirvélstjóri.

Á fiskiskipi með vélarafli minna en 750 kW skal vera vélavörður sem má vera hinn sami og skipstjóri á skipum að 12 metrum að mestu lengd, enda sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn og útvera skipsins skemmri en 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem Siglingastofnun setur er ekki skylt að vélavörður sé í áhöfn skips undir 12 metrum ef gerður hefur verið samningur við þjónustuaðila um viðhald vélbúnaðar skipsins og sá samningur er staðfestur af Siglingastofnun Íslands.

Lágmarksfjöldi skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna um borð í fiskiskipum skal að öðru leyti taka mið af úthaldi skips og tryggja að ákvæðum 64. gr. sjómannalaga um vinnu- og hvíldartíma sjómanna á fiskiskipum sé fullnægt ásamt ákvæðum reglugerðar um sama efni.

18. gr.

Mönnunarnefnd fiskiskipa.

Samgönguráðherra skipar fimm menn í mönnunarnefnd fiskiskipa til fimm ára í senn og jafnmarga til vara. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af útgerðarmönnum, einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einum tilnefndum af Vélstjóraráðgjafi Íslands. Samgönguráðherra skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skal a.m.k. annar þeirra uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Mönnunarnefnd hefur heimild til þess:

1. að ákveða frávík frá ákvæðum 17. gr. um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipum eftir því sem tilefni gefst til, svo sem vegna tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips, hvort sem er til fjölgunar eða fækkunar, þar sem m.a. skal taka tillit til vinnuálags sem breytingin kann að hafa í för með sér,
2. að ákveða tímabundna breytingu á mönnun fiskiskips til reynslu með skilyrðum sem nefndin setur; reynslutími sé þó ekki lengri en sex mánuðir í senn,
3. að ákveða að sjómaður sem hlotið hefur þjálfun undir staðfestri leiðsögn skipstjóra eða yfirvélstjóra geti gegnt störfum undirstýrimanns eða undirvélstjóra á því fiskiskipi sem hann fékk þjálfunina á eða á öðru sambærilegu skipi.

Mönnunarnefnd skal ákvarða lágmarksmönnun fiskiskips út frá neyðaráætlun skips, að teknu tilliti til farsviðs þess, úthalds, búnaðar og verkefna skips. Lágmarksmönnun fiskiskipa skal við það miðuð að fullnægt sé gildandi ákvæðum 15., sbr. 17. gr. laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim um vinnu- og hvíldartíma skipverja. Tekið skal tillit til þeirra atvinnuréttinda sem krafist er til að gegna viðkomandi stöðu til samræmis við verkefni og úthald skipsins auk neyðaráætlunar þess.

Siglingastofnun Íslands ber ábyrgð á því að ákvörðun mönnunarnefndar um frávík frá 17. gr. sé skráð í lögskráningarkerfi sjómanna. Mönnunarnefnd skal senda Siglingastofnun Íslands og lögskráningarstjóra í því umdæmi þar sem lögskráning skal fara fram samkvæmt lögum um lögskráningu sjómanna samrit ákvörðunar um mönnun fiskiskips.

19. gr.

Lágmarksfjöldi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á varðskipum.

Á hverju varðskipi skal vera skipherra og yfirvélstjóri.

Um fjölda annarra skipstjórnar- og vélstjórnarmanna um borð í varðskipi fer eftir ákvæðum laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

20. gr.

Lágmarksfjöldi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á öðrum skipum.

Um fjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á öðrum skipum skv. 3. gr. og um atvinnuréttindi þeirra sem þar gegna störfum fer eftir ákvörðun Siglingastofnunar Íslands.

Lágmarksönnun annarra skipa skv. 1. mgr. skal við það miðuð að fullnægt sé ákvæðum 15. gr. Tekið skal tillit til þeirra atvinnuréttinda sem krafist er til að gegna viðkomandi stöðu til samræmis við verkefni og úthald skipsins auk neyðaráætlunar þess.

Ráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um áhafnir annarra skipa, svo sem um lágmarksfjölda skipverja og vinnu- og hvíldartíma.

IV. KAFLI

Ábyrgð útgerðarmanns og skipstjóra.

21. gr.

Ábyrgð útgerðarmanns og skipstjóra.

Útgerðarmaður og skipstjóri skips bera ábyrgð á því að ákvæðum laga sé framfylgt við útgerð skips. Þeim ber m.a. að sjá til þess að eftirfarandi atriða sé gætt:

1. að ávallt sé tryggð örugg önnun skips þannig að fjöldi skipverja og réttindi þeirra séu í samræmi við verkefni og úthald skipsins,
2. að allir þeir sem ráðnir eru um borð í skip séu lögmætir handhafar skírteina fyrir þá stöðu sem þeir gegna og að frumrit skírteina skipverja sé varðveitt um borð,
3. að gildandi ákvæðum laga þessara sem og annarra laga og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim um vinnu- og hvíldartíma skipverja sé fullnægt og að tryggt sé að skipverjar njóti nauðsynlegrar hvíldar til að geta annast störf sín af fyllsta öryggi,
4. að uppfærð og aðgengileg skrá, áhafnaskýrsla, sé haldin yfir alla skipverja og stöður þeirra um borð,
5. að öllum nýráðnum skipverjum sé, áður en þeir hefja skyldustörf, leiðbeint og gert kunnugt um skyldur sínar, að þeir séu kunnugir starfsaðferðum um borð, tækjum, búnaði, verklagsreglum og neyðaráætlunum, sem og sérstökum skilyrðum í tengslum við venjubundin skyldustörf og hlutverk á neyðarstundu,
6. að skipverjar geti með góðu móti unnið saman á neyðarstundu og þegar mengunarhætta steðjar að,
7. að skipverjar geti tjáð sig sín á milli um grundvallaröryggismál og skilji upplýsingar um öryggisþætti, þ.m.t. tákn, merki og hljóðviðvörðunarkerki,
8. að allir nýráðnir skipverjar fái nauðsynlegar upplýsingar á tungumáli sem þeir skilja,
9. að reglulegar björgunaræfingar séu haldnar um borð í skipum.

Skipstjóri skal skrá upplýsingar um skipan áhafnar, vaktafyrirkomulag og fyrirhugað úthald skips í áhafnarskýrslu þess og skal hún færð í upphafi hverrar ferðar. Skipstjóra skips sem er styttra en 12 metrar að mestu lengd er heimilt að skrá upplýsingar samkvæmt framangreindu í aflagabók skipsins.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

22. gr.

Vafatilvik.

Leiki vafi á því hvort skip telst fiskiskip, varðskip, skemmtibátur eða annað skipa samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim sker Siglingastofnun Íslands úr um það.

23. gr.

Kærur.

Ákvarðanir Siglingastofnunar Íslands, undanþágunefndar og mönnunarnefndar samkvæmt lögum þessum eru kærarlegar til samgönguráðuneytisins.

24. gr.

Gjöld.

Greiða skal fyrir útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina og veitingu undanþága samkvæmt lögum þessum og skulu þau gjöld standa undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands við afgreiðslu þeirra.

Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar.

25. gr.

Afturköllun atvinnuskírteinis.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að afturkalla skírteini ef lögmætur handhafi þess fullnægir ekki lengur skilyrðum þessara laga til að öðlast slíkt skírteini eða vera atvinnuskírteinishafi.

Nú telur Siglingastofnun Íslands að skilyrði skv. 3. mgr. 27. gr. séu fyrir hendi til sviptingar starfsréttinda og er stofnunni þá heimilt að svipta viðkomandi starfsréttindum til bráðabirgða. Skal slík svipting vera tímabundin eða ákvörðuð til þess tíma þegar endanleg ákvörðun dómstóls um sviptinguna liggur fyrir.

Bráðabirgðasvipting samkvæmt ákvæði þessu skal dragast frá endanlegum sviptingartíma samkvæmt dómi.

Bera má slíka ákvörðun Siglingastofnunar Íslands undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála og skal stofnunin leiðbeina viðkomandi um þann rétt.

26. gr.

Reglugerð.

Samgönguráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa samkvæmt lögum þessum, bæði um borð í skipi og í landi, öryggisfræðslu, próf, skírteini og skilyrði þeirra, siglingatíma, sjón, heyrn og heilbrigðiskröfur, viðurkenningu erlendra skírteina, ábyrgð útgerðarmanna, vaktstöður, undanþágur, mönnun skipa og skipan og starfshætti mönnunarnefndar. Ákvæði reglugerðarinnar skulu að lágmarki uppfylla skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykktinni.

Samgönguráðherra skal, í samráði við menntamálaráðherra, setja reglur um eftirlit með menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa.

27. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Beita skal ákvæðum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild.

Brjótí útgerðarmaður eða skipstjóri gegn þeim skyldum sem honum eru lagðar á herðar í lögum þessum skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 21. gr., sbr. ákvæði 15.–17. gr., um skyldu til að framfylgja ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim um örugga

mönnun, vaktstöðu og skipulag auk vinnu- og hvíldartíma skipverja á fiskiskipum, varðar það sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Svipta skal atvinnuskírteinishafa rétti til starfs sem skírteinið veitir með dómi ef hann gerist sekur um vítavert brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eða ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem atvinnuskírteinishafa varhugavert að hann neyti réttinda samkvæmt skírteininu.

Svipting starfsréttinda skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en þrjú mánuði, eða ævi-langt ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.

Leiði brot á lögum þessum eða reglum samkvæmt þeim til skipsstrands, áreksturs skipa eða annarra sjóslýsa skal viðkomandi sæta refsingu og eftir atvikum réttindasviptingu til skipstjórnar eða vélstjórnar skv. 238. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, með síðari breytingum.

28. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2006. Ákvæði 11. gr. um skemmtibáta öðlast gildi 1. janúar 2007. Fyrir þann tíma skulu viðkomandi skipstjórnarmenn afla sér tilskilinna skírteina.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um framkvæmd alþjóðasamþykktar um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna, nr. 47/1987, lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, lög um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavörðna á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, og 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem við gildistöku þessara laga eru lögmætir handhafar 30 brúttórúmlesta atvinnuréttinda hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera skipstjórar á skipum allt að 12 metrar að mestu lengd í strandsiglingum enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum sem krafist er til að mega gegna þeirri stöðu. Óheimilt er að veita öðrum atvinnuréttindi til skipstjórnar á skipum allt að 12 metrar að mestu lengd í strandsiglingum.

Þeir sem eru lögmætir handhafar 80 brúttórúmlesta skipstjórnarréttinda hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera skipstjórar á skipum allt að 24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum, enda fullnægi þeir öðrum skilyrðum sem krafist er til að mega gegna þeirri stöðu.

Þeir sem lokið hafa námskeiði í vélgæslu við gildistöku laga þessara samkvæmt reglugerð menntamálaráðuneytisins og hafa rétt til að vera vélgæslumenn á skipum að 20 og 30 brúttótonnum og með aðalvél 375 kW og minni samkvæmt ákvæðum laga nr. 76/2001 hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera vélaverðir á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd með vélarafli 750 kW og minna að öðrum skilyrðum uppfylltum og að undangengnu viðbótarnámi sem sjómannaskóli skipuleggur, en þó eigi lengur en til 1. júlí 2008.

Þeir sem lokið hafa námi 1. stigs vélskóla við gildistöku laga þessara, sem veitir rétt til að vera yfirvélstjóri á skipum með aðalvél 375 kW og minni, hafa rétt til að fá útgefið skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera vélaverðir á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd með vélarafli minna en 750 kW að öðrum skilyrðum uppfylltum. Jafnframt geta þeir fengið rétt til að fá útgefin skírteini samkvæmt lögum þessum til að vera vélstjórar á skipum

með vélarafli minna en 750 kW að öðrum skilyrðum uppfylltum og að undangengnu viðbótarnámi sem sjómanskóli skipuleggur, en þó eigi lengur en til 1. júlí 2008.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í samgönguráðuneytinu og hjá Siglingastofnun Íslands að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Megintilgangur frumvarpsins er að efla öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra. Með frumvarpinu er jafnframt stuðlað að auknum vörnum gegn mengun sjávar. Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, og lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavara á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum.

Hvað varðar atvinnuréttindi til starfa á farþegaskipum og flutningaskipum hefur slík endurskoðun þegar farið fram með lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. Með þeim lögum voru m.a. tekin í íslenska löggjöf ákvæði alþjóðasamþykktar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW 1978, International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers, 1978), með síðari breytingum. Með frumvarpi þessu er markmiðið að gera hliðstæðar breytingar hvað önnur skip varðar og endurskoða og setja heildarlög um áhafnir íslenskra skipa annarra en farþega- og flutningaskipa.

Við endurskoðun STCW-samþykktarinnar frá 1978 ákvað Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) að gera samþykkt um menntun, þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna á fiskiskipum. Sú samþykkt, alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafnar fiskiskips, svonefnd STCW-F samþykkt og í frumvarpinu nefnd alþjóðasamþykktin, var samþykkt á fundi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar árið 1995 (International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Fishing Vessel Personnel, 1995). Í þeirri samþykkt er kveðið á um menntunar- og þjálfunarkröfur auk atvinnuskírteinisútgáfu til handa þeim sem gegna störfum skipstjóra, stýrimanna, vélstjóra og fjarskiptamanna og starfa um borð í fiskiskipum 24 metra að skráningarlengd og lengri. Með alþjóðasamþykktinni er stuðlað að samræmingu bindandi lágmarksstaðla um menntun og þjálfun áhafna fiskiskipa 24 metra að skráningarlengd og lengri. Frumvarpið miðar m.a. að því að taka í íslenska löggjöf ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa (STCW-F) frá 1995, en Ísland er eitt sex ríkja sem fullgilt hefur samþykktina auk Danmerkur, Rússlands, Sírlands, Færeyja og Úkraínu.

Alþjóðasamþykktin nær til fiskiskipa sem eru 24 metrar að lengd eða lengri og er þá miðað við skráningarlengd. Af þessu leiðir að þeir sem gegna tilteknum störfum um borð í þeim íslensku fiskiskipum, sem mælast 24 metrar eða lengri, skulu að lágmarki lúta þeim kröfum sem gerðar eru í samþykktinni til menntunar og þjálfunar þeirra sem mega gegna viðkomandi störfum. Þó svo að samþykktin hafi enn ekki öðlast gildi alþjóðlega þykir eðlilegt að við endurskoðun laga um atvinnuréttindi skipstjórnar- og vélstjórnarmanna sé litið til þeirra viðmiða sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt að nota skuli við flokkun atvinnuréttinda og mat á menntun og þjálfun þeirra sem starfa um borð í þeim fiskiskipum sem samþykktin nær til. Með því eru opnuð ný atvinnutækifæri fyrir íslenska sjómenn til starfa á alþjóðlegum vettvangi. Á sama tíma er tilefni til þess að stuðla að samræmingu atvinnuréttinda til starfa á kaupskipum annars vegar og á fiskiskipum og öðrum skipum hins vegar, eins og unnt er.

Helstu breytingar samkvæmt frumvarpinu eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að skírteini skipstjórnarmanna miðist við lengd skipsins í metrum í stað brúttórúmllestatölu skipins. Gildandi löggjöfum atvinnuréttindi skipstjórnarmanna byggist á brúttórúmllestamælingu skipa. Sú aðferð við mælingu skipa er byggð á alþjóðasamþykkt sem nú hefur verið aflögð og er hvergi í notkun nema hér á landi. Breyting sú sem lögð er til í frumvarpinu er í samræmi við STCW-F alþjóðasamþykktina auk þess sem mæling skipa í brúttórúmllestum er að leggjast af. Í nýjum alþjóðasamþykktum er miðað við að skip séu mæld eftir brúttótonnum eða skráningarlengd.
2. Lágmarksfjöldi skipstjórnarmanna á fiskiskipum tekur samkvæmt frumvarpinu mið af skráningarlengd skipsins í stað brúttórúmlesta til samræmis við nýja skírteinaflokka skipstjórnarmanna sem taka mið af skráningarlengd skipsins og útiveru þess. Gildandi lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum kveða nokkuð skýrt á um lágmarksfjölda skipstjórnarmanna háð brúttórúmllestatölu þess. Reglur um mælingu skipa hafa síðan tekið þeim breytingum að mæling skipa í rúmllestum hefur vikið fyrir nýrri aðferð til mælinga á stærð skipa. Stærð skipa mælist nú í brúttó- og nettótonnum í stað brúttó- og nettórúmlesta áður.
3. Gildandi lög um atvinnuréttindi vélstjórnarmanna á íslenskum skipum nota vélarafli til viðmiðunar við ákvörðun atvinnuréttinda vélstjóra og lágmarksfjölda þeirra á fiskiskipum. Samkvæmt frumvarpinu munu atvinnuréttindi vélstjóra miðast áfram við afl aðalvélar í kW og útiveru skipsins á svipaðan hátt og í gildandi lögum að teknu tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á ákvæðum um vinnu- og hvíldartíma skipverja á fiskiskipum að því undanskildu að lægsta réttindastigið gildir fyrir afl aðalvélar sem er 750 kW og minna í stað 375 kW og minna samkvæmt gildandi lögum. Framangreind breyting er gerð í þeim tilgangi að einfalda menntunarkröfur og skírteinisútgáfu vegna vélstjórnarmenntunar og vélstjórnarréttinda þar sem tekið er mið af þróun í skipagerð og sjósókn undanfarinna ára.
4. Með frumvarpinu er lagt til að Siglingastofnun Íslands verði falin útgáfa atvinnuskírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna. Samkvæmt gildandi lögum hefur útgáfa atvinnuskírteina verið hjá sýslumönnum og tollstjóranum í Reykjavík. Til einföldunar og aukins samræmis og til að tryggja sérfræðipækkingu við útgáfu skírteina er talið heppilegra að útgáfa þeirra sé á einni hendi, þ.e. hjá Siglingastofnun. Siglingastofnun Íslands fer samkvæmt gildandi lögum með útgáfu alþjóðlegra STCW-skírteina og hefur sett upp gæðakerfi til útgáfu slíkra skírteina. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir því að gæðakerfið verði jafnframt notað við útgáfu þeirra skírteina sem hér um ræðir.
5. Lagt er til það nýmæli í frumvarpinu að stjórnendum skráningarskyldra skemmtibáta verði gert skylt að afla sér grunnþekkingar á öryggisþáttum sem tengjast siglingum og skipstjórn og þurfi að hafa gilt skipstjórnarskírteini til stjórnunar skemmtibáta. Með skemmtibátum er í frumvarpinu átt við þau skip sem skrásett eru sem skemmtiskip samkvæmt lögum um skráningu skipa. Gengið er út frá því í frumvarpinu að slíkt skip sé ekki notað í atvinnuskyni heldur ætlað til skemmtisiglinga, óháð þeirri orku sem knýr það. Engin ákvæði eru í gildandi lögum varðandi þær kröfur um menntun og þjálfun sem gera skuli til stjórnenda skemmtibáta. Lagt er til að þetta ákvæði taki gildi 1. janúar 2007.
6. Með 8. gr. frumvarpsins er lagt til að kröfur til atvinnuréttinda skipstjórnarmanna á fiskiskipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd verði samræmdar þannig að um öll slík fiskiskip gildi aðeins eitt réttindastig. Samhliða þessu er samgönguráðherra heimilt

í reglugerð að setja reglur um útgáfu skírteina til skipstjórnar á fiskiskipum sem eru allt að 10 metrar að mestu lengd til siglinga á takmörkuðu hafsvæði eins og ákveðið er í reglugerð. Ljóst er að endurskoða þarf námskrá og nám skipstjórnarmanna með hliðsjón af nýjum forsendum.

7. Þá eru í frumvarpinu skilgreind nokkur ný hugtök auk þess sem skilgreiningum nokkurra annarra hugtaka er breytt til samræmis við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um markmið laganna. Markmið þessa frumvarps er að setja almenn lög um áhafnir íslenskra skipa og efla með því öryggi áhafna og skipa sem og stuðla að auknum vörnum gegn mengun sjávar. Frumvarpið er í meginatriðum byggt á sömu sjónarmiðum og fram komu í frumvarpi sem lagt var fram á Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.

Um 2. gr.

Ákvæðið markar gildissvið laganna. Lögum þessum er ætlað að taka til áhafna allra íslenskra skipa sem skráð eru á skipaskrá samkvæmt lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum, nema farþega- og flutningaskipa. Lögin taka einnig til áhafna þeirra erlendu skipa sem notuð eru í íslenskri landhelgi, sbr. 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Er hér átt við áhafnir þeirra skipa sem teljast vera skemmtibátar og skrásettir eru erlendis en notaðir í íslenskri landhelgi að staðaldri. Skulu stjórnendur slíkra báta uppfylla kröfur 11. gr. um skírteini eða vera handhafar annars sambærilegs erlends skírteinis. Um nánari umfjöllun vísast til 11. gr. frumvarpsins.

Tekið er fram í 2. mgr. að lögin gilda ekki um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, en um áhafnir slíkra skipa fer eftir ákvæðum laga, nr. 76/2001, með síðari breytingum. Vakin skal athygli á því að lög nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, gilda um varðskip þar sem ákvæðum 10. og 19. gr. frumvarpsins sleppir.

Um 3. gr.

Í greininni eru einstök hugtök sem notuð eru í frumvarpinu skilgreind. Byggt er á sambærilegum skilgreiningum og notaðar eru í alþjóðasamþykktinni. Nokkur ný hugtök eru skilgreind sem hafa ekki verið skilgreind eða notuð í íslenskri löggjöf áður, t.d. strandsigling (sama skilgreining og *innanlandssigling* í lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa), vélavörður, þjálfunarbók, farsvið og neyðaráætlun.

Um 4. gr.

Með þessari grein er gerð krafa um að allir skólar sem annast menntun og þjálfun áhafna skipa, sem frumvarpið tekur til, uppfylli kröfur laganna, alþjóðasamþykktarinnar og skuldbindinga samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Sjómannaskólar geta verið heldur sem er á forræði menntamálaráðuneytis eða samgönguráðuneytis. Sjómannaskóli er menntastofnun sem viðurkennd er af menntamálaráðherra. Slysavarnaskóli sjómanna er aftur á móti sjómannaskóli sem er menntastofnun og hlýtur viðurkenningu samgönguráðherra. Sjómannaskólar skulu fullnægja skilyrðum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar auk laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim um nám og kennslu.

Ákvæðið tryggir heimildir til þess að setja sjómannaskólum skilyrði um nám og námskipulag í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Einnig gerir ákvæðið það mögulegt að haft sé eftirlit með því að kröfum um námsefni, námsárangur og gæði náms, til samræmis við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, sé fullnægt.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, er miðað við að starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina geri tillögur til menntamálaráðherra um námskrár framhaldsskóla (sjómannaskóla), þ.m.t. um menntun og þjálfun áhafna skipa. Miðað er við að starfsgreinaráð leiti umsagnar Siglingastofnunar Íslands um efni slíkra námskráa enda ber Siglingastofnun Íslands ábyrgð á framkvæmd alþjóðasamþykktanna gagnvart Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMO, sem setur reglur um menntun og þjálfun áhafna skipa á alþjóðavettvangi.

Um Slysavarnaskóla sjómanna gilda lög nr. 33/1991. Skólinn fellur undir samgönguráðuneytið en samgönguráðherra staðfestir námskrá skólans hvað varðar menntun og þjálfun sjómanna.

Lagt er til í frumvarpinu að menntamálaráðuneytið beri ábyrgð á að sjómannaskólar á forræði þess ráðuneytis fullnægi viðeigandi skuldbindingum alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að og lúta að menntun og þjálfun til starfa um borð í skipum. Skulu sjómannaskólar starfa í samræmi við námskrá sem fullnægir alþjóðlegum kröfum um faglega færni og hæfni til tiltekinna starfa, um námsmat og gæðastjórnun og um aðstöðu og tækjakost. Menntamálaráðuneytið skal skapa umgjörðina og tryggja að kröfum um efnislega þætti sé fullnægt. Það er síðan hlutverk Siglingastofnunar Íslands að hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum námskrár. Auk þess er það hlutverk Siglingastofnunar að hafa eftirlit með gæðum skólastarfs og að tryggja að sérhver nemandi hafi öðlast nauðsynlega þekkingu og færni til þess að hann geti á öruggan hátt gegnt störfum um borð í skipum áður en hann fær útgefin atvinnuskírteini í samræmi við ákvæði laga þessara.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum eru skírteini til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna gefin út af sýslumönnum úti á landi og tollstjóranum í Reykjavík, sbr. 13. gr. laga nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, og 9. gr. laga nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum. Í 1. mgr. er lögð til sú breyting að öll útgáfa atvinnuskírteina verði í höndum Siglingastofnunar Íslands. Með því er leitast við að tryggja að samræmi verði í útgáfu atvinnuskírteina. Gert er ráð fyrir því að sækja þurfi skriflega um skírteini til staðfestingar á atvinnuréttindum á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem Siglingastofnun Íslands ákveður eða rafrænt. Í 2. mgr. er kveðið á um skilyrði þess að umsækjandi geti fengið útgefið atvinnuskírteini skv. 1. mgr. Umsækjendur þurfa að fullnægja fjórum skilyrðum samkvæmt ákvæðinu.

Fyrsta skilyrðið varðar ríkisborgararétt umsækjanda til skipstjórnar á íslensku skipi. Gengið er út frá því að umsækjandi sé íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari frá öðrum EES-ríkjum eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða að hann sé færeyskur ríkisborgari. Erlendir ríkisborgarar sem sækja um réttindi til að vera skipstjórar skulu hafa nauðsynlega þekkingu í íslensku tal- og ritmáli svo og íslenskum lögum og reglum sem varða störf þeirra og geta tjáð sig á sama tungumáli um starfssvið sitt. Reglan er í samræmi við reglur annarra EES-ríkja þar sem einstök lönd gera kröfu um að skipstjórar á skipum þeirra séu innlendir.

Í öðru lagi er sett það skilyrði fyrir útgáfu atvinnuskírteinis að umsækjandi fullnægi skilyrðum laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um menntun og þjálfun, aldur og siglingatíma. Með þessu er gerð krafa um að viðkomandi aðili hafi undirgengist þau próf sem áskilin eru og búi yfir þeirri hæfni sem til þarf til að geta öðlast viðeigandi réttindi.

Í þriðja lagi er þess krafist að umsækjandi sé svo heill heilsu að hann geti rækt störf sín af öryggi. Er hér m.a. vísað til þess að viðkomandi hafi fullnægjandi sjón og heyrn til samræmis við áskilnað í reglugerð sem ráðherra setur. Umsækjanda ber að leggja fram vottorð læknis til staðfestingar á því að hann uppfylli þær heilsufarskröfur sem áskildar eru í reglugerð.

Að lokum er sett fram það skilyrði að hver sem fær útgefið atvinnuskírteini verði að uppfylla kröfur um siglingatíma eins og hann er skilgreindur í 8. og 9. gr. Áskilið er að umsækjandi færi fullnægjandi sönnur á siglingatímann með staðfestingu lögskráningarstjóra, rétt útfylltri sjóferðabók eða öðrum fullnægjandi hætti að mati Siglingastofnunar Íslands eftir atvikum.

Í 3. mgr. er gerð krafa um að frumrit atvinnuskírteinis skuli ávallt vera um borð í skipi því sem atvinnuskírteinishafi starfar á. Ákvæði þetta er í samræmi við alþjóðasamþykktina og gildandi atvinnuréttindalög nr. 112/1984, með síðari breytingum, og nr. 113/1984, með síðari breytingum. Framangreind krafa er nauðsynleg vegna eftirlits, t.d. Landhelgisgæslunnar. Í 4. mgr. er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands haldi skrá yfir öll útgefin skírteini.

Um 6. gr.

Lagt er til í 1. mgr. að Siglingastofnun Íslands sjái um endurútgáfu skírteina. Ákvæðið er í samræmi við 3. mgr. 13. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum, 3. mgr. 9. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarda á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum, og ákvæði reglugerðar um atvinnuskírteini skipstjórnar- og vélstjórnarmanna, nr. 118/1996, með síðari breytingum.

Atvinnuskírteini skulu gefin út til allt að fimm ára í senn. Gengið er út frá því að atvinnuskírteinishafi viðhaldi þekkingu sinni og er þess krafist við endurnýjun skírteina að hann hafi siglingatíma í þeirri stöðu sem skírteinið veitir honum rétt til sem nemur að lágmarki einu ári á síðustu fimm árum. Hafi hann það ekki er gerð krafa um að hann hafi verið í starfi sem svari til atvinnuskírteinisins. Ef það á ekki við verður umsækjandi að standast viðurkennt próf eða ljúka eða hafa lokið viðurkenndu námskeiði/endurmenntunarnámskeiði eða hafa siglingatíma sem yfirmaður í a.m.k. þrjá mánuði í næstu lægri stöðu sem hann á tilkall til samkvæmt skírteini sínu. Siglingastofnun Íslands er heimilt að gefa út tiltekin atvinnuskírteini til lengri tíma en fimm ára í senn eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð. Er hér eingöngu átt við atvinnuskírteini sem ekki falla undir alþjóðasamþykktina. Siglingastofnun Íslands hefur heimild til útgáfu bráðabirgðaskírteinis vegna umsóknar um staðfestingu á atvinnuréttindum samkvæmt lögnum. Siglingastofnun metur hvenær aðstæður eru með þeim sérstaka hætti að ástæða sé til útgáfu bráðabirgðaskírteinis samkvæmt ákvæðinu.

Áskilið er að umsækjandi fullnægi þeim heilbrigðiskröfum sem gerðar eru á hverjum tíma til að öðlast skírteini, þ.m.t. varðandi sjón og heyrn. Skilyrðið hefur það í för með sér að verði breyting á heilsufari umsækjanda frá því að hann fékk útgefið skírteini upphaflega þar til hann sækir um það á ný, þannig að hann teljist eftir breytinguna ekki fullnægja skilyrðum um heilbrigðiskröfur, getur hann átt það á hættu að verða hafnað um endurnýjun skírteinis. Hið sama gildir ef gerðar eru breytingar á lögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim

Þannig að heilbrigðiskröfur eru auknar með tilliti til öryggissjónarmiða. Þau réttindi sem þá eru í gildi halda gildi sínu áfram til samræmis við gildandi meginreglur atvinnuréttinda en við umsókn um endurnýjun skírteina er óumflýjanlegt annað en taka tillit til aukinna heilbrigðiskrafna.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um viðurkenningu erlendra skírteina. Megintilgangur með alþjóðasamþykktinni er að gera samræmdar kröfur um menntun og þjálfun sjómanna.

Á grundvelli alþjóðasamþykktarinnar er Siglingastofnun Íslands heimilt að viðurkenna skírteini frá ríkjum sem eru aðilar að alþjóðasamþykktinni og er lagt til að gerðar verði sömu menntunarkröfur til erlendra ríkisborgara og innlendra.

Tilskipun ráðsins 89/48/EBE fjallar um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur a.m.k. í þrjú ár. Tilskipun ráðsins 92/51/EBE, sem vísað er til í lagagreininni, fjallar hins vegar um viðurkenningu á starfsmenntun og starfsþjálfun sem fyrrnefnda tilskipunin tekur ekki til og ekki er fjallað um í sérstökum tilskipunum. Í tilskipuninni er gerð grein fyrir því hvernig farið skuli með umsóknir um viðurkenningu á starfsmenntun og starfsþjálfun. Almennt er miðað við að hafi umsækjandi fengið útgefið prófskírteini í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins sé ekki unnt að synja honum um heimild til að starfa í viðkomandi starfsgrein með sömu skilyrðum og ríkisborgurum viðkomandi ríkis. Þrátt fyrir þetta getur gistiríkið gert vissar ráðstafanir ef verulegur munur er á menntun umsækjanda og þeirri menntun sem gerð er krafa um í gistiríkinu. Hér má nefna að í slíkum tilvikum getur gistiríkið gert kröfu um að umsækjandinn ljúki tilteknum aðlögunartíma eða taki hæfnispróf, sbr. t.d. 2. málsl. 1. tölul. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins um kunnáttu og færni í íslensku og þekkingu á íslenskum lögum og reglum.

Í tilskipun Evrópusambandsins, sem jafnframt gildir á Evrópska efnahagssvæðinu, um lágmarksþjálfun sjómanna 94/58/EB, sbr. breytingu 98/35/EB, er fjallað um hvernig standa eigi að viðurkenningu á skírteinum ríkisborgara utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Í 4. mgr. er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands haldi skrá yfir viðurkennd erlend skírteini.

Um 8. gr.

Í greininni er kveðið á um að þeir sem gegna starfi skipstjórnarmanna á fiskiskipum skuli vera lögmætir handhafar viðeigandi atvinnuskírteina með tilliti til stærðar og farsviðs skips. Sett eru fram ófrávikjanleg skilyrði um aldur og siglingatíma auk ákveðinna takmarkana út frá lengd og farsviði skipsins. Askilinn siglingatími er einkenndur með bókstöfunum A–E. Umsækjendur um atvinnuréttindaskírteini skulu jafnframt fullnægja kröfum um menntun og þjálfun, heilbrigði, sjón og heyrn eins og áskilið er í 5. gr. frumvarpsins.

Í 7. gr. núgildandi laga nr. 112/1984 segir: „Til þess að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna þarf viðkomandi að hafa lokið prófum í sjómanna- og skipstjórnarfræðum frá viðurkenndum skóla í samræmi við reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um nám í þessum fræðum. Auk þess skal viðkomandi hafa verið í 18 mánuði háseti á skipi, sbr. 6. gr.“ Þessi atvinnuréttindi hafa um árabil verið umdeild, sérstaklega fyrir þá mismunun sem af þeim leiðir gagnvart þeim menntunarkröfum sem gerðar eru til þess að mega gegna stöðu skipstjórnarmanna á skipum undir og yfir 30 brúttórúmllestum. Tilurð þessara atvinnuréttinda má væntanlega rekja til þess að ekki þótti á árum

áður tilefni til þess að gera sömu kröfur um menntun og þjálfun til skipstjórnarstarfa á bátum sem eingöngu voru gerðir út á grunnslóð og þeirra sem gerðir voru út til veiða á úthafinu. Þau viðmiðunarmörk sem þessi atvinnuréttindi miðuðust við hafa stöðugt færst ofar. Nú er svo komið að skip sem mælast undir 30 brúttórúmllestum eru að veiðum á sömu miðum og mun stærri fiskiskip. Þrátt fyrir það eru kröfur til menntunar og þjálfunar skipstjórnarmanna mjög frábrugðnar og hafa í för með sér mismunun. Með vísan til þeirrar þróunar sem orðið hefur í útgerð minni fiskiskipa, úthaldi þeirra og búnaði þykir ekki tilefni til þess að þeir sem gegna stöðu skipstjóra á þessum bátum hafi ekki sömu eða sambærilega menntun og þjálfun og þeir sem gegna sömu stöðu á mun stærri bátum á sömu miðum. Frumvarp þetta gerir því ráð fyrir að kröfur til atvinnuréttinda á skip styttri en 24 metrar að lengd verið samræmdar með því að um öll skip styttri en 24 metrar að skráningarlengd gildi aðeins eitt réttindastig.

Þar sem slíkt fyrirkomulag atvinnuréttinda hefur ekki að markmiði að setja auknar álögur á þá sem hafa með höndum skipstjórn á trillum og litlum fiskiskipum sem eingöngu eru notuð til innfjarðaveiða eða veiða á mjög afmörkuðum svæðum er í 3. mgr. 8. gr. að finna ákvæði sem heimilar samgönguráðherra að setja í reglugerð reglur um útgáfu skirteina til skipstjórnar á skipum sem eru 10 metrar eða styttri að mestu lengd til siglinga á takmörkuðu hafsvæði eins og slíkt hafsvæði er skilgreint í reglugerð.

Samkvæmt gildandi lögum eru tvö réttindastig til skipstjórnar á íslenskum fiskiskipum. Gert er ráð fyrir að samkvæmt frumvarpi þessu verði réttindastigin aðeins tvö, þ.e. fyrsta stig skipstjórnarréttinda sem veitir réttindi til skipstjórnar á skipum sem eru styttri en 24 metrar að skráningarlengd og annað stig sem veitir réttindi til skipstjórnar án takmarkana. Ekki er talið tilefni til þess að fjölga réttindastigum frá því sem nú gildir, t.d. með því að hafa aðskilin atvinnuréttindi til starfa á skipum lengri en 24 metrar að skráningarlengd háð því hvort um sé að ræða strandsiglingar eða ótakmarkaðar siglingar. Ástæða þessa er að í frumvarpinu er fjallað um þær hæfiskröfur sem gera skal til þeirra sem starfa á skipum og að ekki er tilefni til þess að veita tilslakanir á þeim hæfiskröfum þótt farsvið skips sé takmarkað við t.d. efnahagslögsöguna. Engar forsendur eru til þess að hafa mismunandi hæfiskröfur til skipstjórnar háð því hvorum megin ytri marka efnahagslögsögunnar heimilt er að sigla. Aðstæður við stendur Íslands eru með þeim hætti að tilefni er til að gera sömu kröfur til allra þeirra sem öðlast vilja rétt til að gegna stöðu skipstjóra á skipum lengri en 24 metrar að skráningarlengd.

Lagt er til að réttindi til þess að mega gegna stöðu stýrimanns á skipum undir 24 metrum veiti jafnframt heimild til þess að gegna stöðu skipstjóra á skipum undir 12 metrum að mestu lengd.

Allir skipstjórnarmenn skulu uppfylla kröfur til þess að öðlast skirteini fjarskiptamanns.

Verður hér á eftir gerð frekari grein fyrir samspili siglingatíma, takmarkana og réttinda samkvæmt ákvæðinu:

Siglingatími A: Skip <24 metrar að skráningarlengd: a) Stýrimaður á skipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum, b) Skipstjóri á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd í strandsiglingum.

Til þess að mega starfa sem stýrimaður á skipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum og sem skipstjóri á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd í strandsiglingum skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi skipstjórnarnámi og hafa að baki a.m.k. 18 mánaða siglingatíma sem háseti á skipi. Siglingatíma getur umsækjandi aflað sér með störfum um borð í hvaða skipi sem er. Þar sem hér er um að ræða lægstu réttindi til skipstjórnar á fiskiskipum er talið að 18 mánaða siglingatími sé fullnægjandi til þess að sá sem slík rétt-

indi öðlast geti gert sér nægilega vel grein fyrir umhverfisþáttum sem tengjast störfum skipstjóra og stýrimanns á skipum undir 24 metrum.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 112/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi stýrimanns á skip minna en 200 brúttórúmllestir hafa að baki a.m.k. 24 mánaða siglingatíma og þar af skal siglingatími á skipum stærri en 30 brúttórúmllestir vera a.m.k. 12 mánuðir.

Til þess að öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmllestir eða minna þarf viðkomandi að hafa lokið prófum í sjómanna- og skipstjórnarfræðum frá viðurkenndum skóla í samræmi við reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um nám í þessum fræðum. Auk þess skal viðkomandi hafa verið í 18 mánuði háseti á skipi. Þau skilyrði sem sett eru varðandi siglingatíma eru því hliðstæð þeim sem gilda samkvæmt núgildandi lögum.

Siglingatími B: Skip <24 metrar að skráningarlengd, skipstjóri, í strandsiglingum.

Til þess að mega starfa sem skipstjóri á skipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi skipstjórnarnámi og hafa að baki a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem yfirstýrimaður á skipi eða a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem skipstjóri á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd.

Þar sem sömu menntunar- og hæfiskröfur eru gerðar til þess að gegna stöðu yfirstýrimanns á skipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd og til þess að gegna stöðu skipstjóra á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd þykir rökrétt að sami siglingatími í þessum stöðum teljist fullnægjandi siglingatími til skipstjórnarréttinda á skip styttri en 24 metrar að skráningarlengd.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 112/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem skipstjóri á 200 brúttórúmlesta skipum og minni hafa lokið 1. stigi skipstjórnarbrautar og hafa að baki a.m.k. 12 mánaða siglingatíma á skipum yfir 30 brúttórúmllestir.

Siglingatími C: Skip >24 metrar að skráningarlengd, undirstýrimaður, ótakmarkað far-svið.

Undirstýrimaður er sá sem gegnir stöðu 2. stýrimanns um borð í skipi. Undirstýrimenn á skipum lengri en 24 metrar að skráningarlengd skulu hafa lokið viðeigandi skipstjórnarnámi og hafa að baki a.m.k. 24 mánaða siglingatíma sem hásetar á skipi. Þar af skal siglingatími á skipum lengri en 12 metrar vera a.m.k. 12 mánuðir. Þó er gert ráð fyrir að í stað 24 mánaða siglingatíma geti komið 12 mánaða siglinga- og þjálfunartími, enda hafi umsækjandi fengið fræðslu um borð og sá tími verið skráður í þjálfunarbók. Í síðara tilvikinu skuldbindur umsækjandi sig til þess að starfa undir leiðsögn leiðbeinanda með sérstökum samningi sem Siglingastofnun Íslands hefur útbúið. Samningurinn kveður á um skyldur leiðbeinanda gagnvart umsækjanda og Siglingastofnun. Umsækjandi og leiðbeinandi færa námstíma og efni veittrar fræðslu í sérstaka þjálfunarbók.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 112/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem undirstýrimaður á 500 brúttórúmlesta skipum og minni í innanlandssiglingum hafa lokið 1. stigi skipstjórnarbrautar auk 12 mánaða siglingatíma á skipum stærri en 30 brúttórúmllestir. Til þess að öðlast réttindi til starfa sem undirstýrimaður á skipum stærri en 500 brúttórúmllestir er hins vegar gerð krafa um að viðkomandi hafi lokið 2. stigi skipstjórnarbrautar auk 27 mánaða siglingatíma, þar af a.m.k. 12 mánuði sem háseti á skipum stærri en 100 brúttórúmllestir.

Samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar er gerð sú krafa til þeirra sem vilja öðlast réttindi til starfa sem stýrimenn og undirstýrimenn á skipum lengri en 24 metrar, hvort heldur

í innanlandssiglingum eða án takmarkana á farsviði, að viðkomandi hafi a.m.k. 24 mánaða siglingatíma á fiskiskipi sem er 12 metra langt að mestu lengd eða lengra.

Siglingatími D: Skip >24 metrar að skráningarlengd, yfirstýrimaður, án takmarkana.

Til þess að mega starfa sem yfirstýrimaður á fiskiskipi án takmarkana á stærð eða farsviði skal umsækjandi hafa lokið 2. stigi skipstjórnarbrautar og hafa að baki a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem undirstýrimaður á skipum sem eru 24 metrar eða lengri að skráningarlengd, eða a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem yfirstýrimaður eða skipstjóri á skipum sem eru lengri en 12 metrar að mestu lengd.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 112/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem yfirstýrimaður á skipi án takmarkana hafa lokið 2. stigi skipstjórnarnáms og a.m.k. 27 mánaða siglingatíma, þar af a.m.k. 12 mánuði sem háseti á skipum stærri en 100 brúttórúmllestir.

Siglingatími E: Skip >24 metrar að skráningarlengd, skipstjóri, án takmarkana.

Til þess að mega starfa sem skipstjóri á fiskiskipum án takmarkana á stærð eða farsviði skal umsækjandi hafa lokið 2. stig skipstjórnarbrautar og hafa að baki a.m.k. 24 mánaða siglingatíma sem stýrimaður á skipum sem eru 24 metrar að skráningarlengd eða lengri.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 112/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem skipstjóri á skipi án takmarkana hafa lokið 2. stig skipstjórnarnáms og hafa a.m.k. 24 mánaða siglingatíma á skipi stærra en 30 brúttórúmllestir og þar af a.m.k. sex mánuði sem yfirstýrimaður/1. stýrimaður á skipum stærri en 100 brúttórúmllestir.

Í fylgiskjali I má sjá yfirlit yfir íslensk atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að þeir sem gegna starfi vélstjórnarmanna á fiskiskipum skuli vera lögmætir handhafar viðeigandi atvinnuskírteina með tilliti til vélarafls skips og stærðar þar sem það á við. Sett eru fram ófrávíkjanleg skilyrði um aldur og siglingatíma auk ákveðinna takmarkana út frá vélarstærð og lengd skipsins. Áskilinn siglingatími er einkendur með bókstöfunum A–G. Umsækjendur um atvinnuréttindaskírteini skulu jafnframt fullnægja kröfum um menntun og þjálfun, heilbrigði, sjón og heyrn eins og áskilið er í 5. gr. frumvarpsins.

Við mat á siglingatíma þykir rétt að heimilt verði að taka tillit til starfsreynslu og starfstíma við vélstjórn í landi og við aðrar stærðir véla eins og kveðið er á um í greininni til samræmis við samsvarandi ákvæði í 3. gr. laga nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða.

Samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar skulu þeir sem gegna stöðu yfirvélstjóra og 1. vélstjóra á skipum með vélarafli 750 kW og meira fullnægja tilteknum kröfum um menntun, þekkingu og þjálfun til samræmis við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar. Í samþykktinni eru engar kröfur gerðar um atvinnuréttindi til vélstjórnar á skipum með vélarafli minna en 750 kW og aðildarríkum þar með látið eftir að setja reglur um menntun til vélstjórnar og um atvinnuréttindi til vélstjórnarstarfa á þeim skipum.

Samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar skulu þeir sem gegna starfi 1. vélstjóra á skipum með vélarafli 750 kW og meira hafa a.m.k. 12 mánaða siglingatíma við störf í vélarúmi skipa sem hluta verklegar þjálfunar. Þeir sem gegna starfi yfirvélstjóra á skipum með vélarafli 750 kW og meira skulu hafa að baki a.m.k. 24 mánaða siglingatíma við störf í vélarúmi, þar af a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem 1. vélstjóri.

Hér á eftir verður gerð frekari grein fyrir samspili siglingartíma, takmarkana og réttinda samkvæmt ákvæðinu:

Siglingatími A: Vélarafll allt að 750 kW; skip styttri en 12 metrar, vélavörður.

Til þess að mega starfa sem vélavörður á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd í strandsiglingum skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. níu mánaða siglingatíma sem háseti á skipi. Siglingatíma getur umsækjandi aflað sér með störfum um borð í hvaða skipi sem er. Þar sem hér er um að ræða lægstu réttindi til vélstjórnar á fiskiskipum er talið að tilgreindur siglingatími sé fullnægjandi til þess að sá sem slík réttindi öðlast geti gert sér nægilega vel grein fyrir umhverfispáttum sem tengjast störfum vélstjórnarmanna á skipum undir 12 metrum.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 er krafist réttinda vélavarðar til þess að mega gegna stöðu vélstjórnarmanns á skipum með vélarafll minna en 221 kW auk þess sem sex mánaða siglingatími sem vélavörður veitir rétt til að gegna stöðu yfirvélstjóra á skipi með vélarafll 375 kW og minna.

Til þess að mega gegna starfi vélstjórnarmanns á skipum með vélarafll allt að 750 kW skal umsækjandi hafa a.m.k. 9 mánaða siglingatíma sem vélavörður á skipi og hafa lokið 2. stigi vélstjórnarnáms. Talið er tilefni til þess að einfalda réttindastig til vélstjórnar á íslenskum skipum með því að heimila að vélavörður megi gegna stöðu vélstjórnarmanns á minni skipum með vélarafll allt að 750 kW og að þar verði miðað við 12 metra mestu lengd skipa, þ.e. sömu lengd skipa og lægstu atvinnuréttindi skipstjórnarmanna miðast við. Hér er tekið mið af því að á minnstu fiskiskipunum, þ.e. á skipum styttri en 12 metrar að mestu lengd, er vélbúnaður til þess að gera einfaldur og einsleitur á milli skipa.

Siglingatími B: Vélarafll allt að 750 kW án tillits til stærðar skips, yfirvélstjóri.

Til þess að mega starfa sem yfirvélstjóri á skipi með vélarafll minna en 750 kW og sem er lengra en 12 metrar að mestu lengd skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. 9 mánaða siglingatíma sem háseti eða vélavörður á skipi óháð stærð eða gerð.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem vélstjóri á skipum með vélarafll minna en 750 kW hafa starfað sem vélavörður í a.m.k. níu mánuði, þar af fimm mánuði á skipi með vélarafll 401–750 kW. Verði gerð krafa um að þeir sem vilja öðlast réttindi til starfa sem vélstjórar á skipum með vélarafll minna en 750 kW hafi að baki siglingatíma sem vélaverðir á skipum með vélarafll minna en 750 kW kann slík krafa að gera nemendum í vélstjórnarnámi mjög erfitt með að afla sér þess siglingatíma sem krafist er til að mega starfa sem vélstjórar á skipum með vélarafll undir 750 kW.

Siglingatími C: 1. vélstjóri á skipi með vélarafll allt að 1.500 kW.

Til þess að mega starfa sem 1. vélstjóri á skipum með vélarafll allt að 1.500 kW skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem undirvélstjóri á skipi sem er lengra en 12 metrar.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem 1. vélstjóri á skipum með vélarafll minna en 1.500 kW hafa lokið námi 3. stigs vélstjórnarnáms og hafa starfað sem vélavörður eða sem vélstjóri á skipi með vélarafll meira en 400 kW í a.m.k. 12 mánuði. Jafnframt er heimilt að starfa sem 1. vélstjóri á skipi með vélarafll allt að 1.500 kW með því að hafa þau réttindi sem krafist er til undirvélstjóra á skipum án takmarkana á vélarafli, þ.e. hafa lokið námi 4. stigs vélstjórnarnáms og sveinsprófi í viðurkenndri málmiðnaðargrein. Er í slíkum tilvikum ekki krafist siglingatíma.

Siglingatími D:

a) Yfirvélstjóri á skipi með vélarafll allt að 1.500 kW.

Til þess að mega starfa sem yfirvélstjóri á skipum með vélarafll allt að 1.500 kW skal um-

sækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. 24 mánaða siglingatíma á skipum með vélarafli 750 kW eða meira, þar af a.m.k. 12 mánaða siglingatíma eftir að hafa öðlast réttindi til starfa sem 1. vélstjóri á skipi með vélarafli allt að 3.000 kW.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem yfirvélstjóri á skipi með vélarafli allt að 1.500 kW hafa lokið námi 4. stigs vélstjórnarnáms, hafa a.m.k. 6 mánaða siglingatíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi eða hafa lokið námi 3. stigs vélstjórnarnáms og hafa að baki 18 mánaða siglingatíma sem vélstjóri eða vélavörður á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuði sem vélstjóri.

b) Yfirvélstjóri á skipi með vélarafli allt að 3.000 kW.

Til þess að mega starfa sem yfirvélstjóri á skipum með vélarafli allt að 3.000 kW skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. 24 mánaða siglingatíma á skipum með vélarafli 750 kW eða meira, þar af a.m.k. 12 mánaða siglingatíma eftir að hafa öðlast réttindi til starfa sem 1. vélstjóri á skipi með vélarafli allt að 3.000 kW.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem yfirvélstjóri á skipi með vélarafli allt að 3.000 kW hafa lokið námi 4. stigs vélstjórnarnáms, hafa a.m.k. 24 mánaða siglingatíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1.501 kW vélarafli eða meira.

Munur á kröfum til réttinda sem yfirvélstjóri á skipum með vélarafli allt að 3.000 kW og sem yfirvélstjóri á skipum með vélarafli allt að 1.500 kW fellst jafnframt í lengd námstíma.

Siglingatími E:

a) 1. vélstjóri á skipum með vélarafli allt að 3.000 kW.

Til þess að mega starfa sem 1. vélstjóri á skipum með vélarafli allt að 3.000 kW skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem undirvélstjóri á skipi með vélarafli meira en 750 kW.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem 1. vélstjóri á skipi með vélarafli meira en 3.000 kW hafa lokið námi 4. stigs vélstjórnarnáms og hafa 12 mánaða siglingatíma sem vélstjóri á skipi með vélarafli 750 kW eða meira.

b) 1. vélstjóri, án takmarkana á vélarafli.

Til þess að mega starfa sem 1. vélstjóri á skipum án takmarkana á vélarafli skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. 12 mánaða siglingatíma sem undirvélstjóri á skipi með vélarafli meira en 750 kW.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem 1. vélstjóri á skipi án takmarkana á vélarafli hafa lokið námi 4. stigs vélstjórnarnáms og hafa 12 mánaða siglingatíma sem vélstjóri á skipi með vélarafli 750 kW eða meira.

Munur á kröfum til réttinda sem 1. vélstjóri án takmarkana á vélarafli og sem 1. vélstjóri á skipum með vélarafli allt að 3.000 kW kann að felast í lengd námstíma.

Siglingatími F: Yfirvélstjóri, án takmarkana á vélarafli.

Til þess að mega starfa sem yfirvélstjóri á skipum án takmarkana á vélarafli skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a.m.k. 36 mánaða siglingatíma sem vélstjóri á skipi með vélarafli meira en 750 kW, þar af a.m.k. 12 mánaða siglingatíma eftir að hafa öðlast réttindi til að starfa sem 1. vélstjóri á skipi með vélarafli meira en 3.000 kW.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem yfirvélstjóri á skipi án takmarkana á vélarafli hafa lokið námi 4. stigs vélstjórnarnáms, hafa a.m.k. 36 mánaða siglingatíma sem vélavörður eða vélstjóri á skipi, þar af a.m.k. 12 mánuði sem 1. vélstjóri á skipi með 1501 kW vélarafli eða meira.

Siglingatími G: Undirvélstjóri, án takmarkana.

Til þess að mega starfa sem undirvélstjóri á skipum án takmarkana á vélarafli skal umsækjandi hafa lokið viðeigandi námi í vélstjórnarfræðum og hafa að baki a) a.m.k. 18 mánaða siglinga- og þjálfunartíma, b) a.m.k. 6 mánaða siglingatíma, hafi umsækjandi lokið viðurkenndri verkstæðisþjálfun í landi og um borð í skipi og sá tími verið skráður í þjálfunarbók eða c) a.m.k. 6 mánaða siglingatíma, hafi umsækjandi lokið sveinsprófi í viðurkenndri málm- iðnaðargrein.

Samkvæmt ákvæðum gildandi laga nr. 113/1984 skal sá sem vill öðlast réttindi til starfa sem undirvélstjóri (2. vélstjóri) á skipi án takmarkana á vélarafli hafa lokið námi 4. stigs vélstjórnarnáms og hafa lokið sveinsprófi í viðurkenndri málm- iðnaðargrein, og er þá ekki krafist siglingatíma. Telja verður ákvæði gildandi laga um þau skilyrði sem fullnægja þarf til að mega gegna starfi undirvélstjóra á skipi óþarflega þyngjandi og að opna þurfi möguleika til þess að öðlast slík réttindi með öðrum hætti eins og gert er í frumvarpi þessu.

Um 10. gr.

Greinin varðar útgáfu atvinnuskírteini til þeirra aðila sem starfa um borð í íslenskum varðskipum. Um atvinnuskírteini til starfa um borð í slíkum skipum fer að sömu kröfum og gerðar eru til áhafna íslenskra farþega- og flutningaskipa samkvæmt lögum nr. 76/2001. Áskilið er að umsækjandi um atvinnuskírteini til starfa sem skipherra um borð í varðskipi hafi lokið námi við sjómannaskóla til að öðlast slík réttindi.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli og fjallar um útgáfu skipstjórnarskírteinis til stjórnunar skemmtibáta, en skv. 3. gr. frumvarpsins er skemmtibátur hvert það skip sem ekki er notað í atvinnuskyni og ætlað er til skemmtisiglinga óháð þeirri orku sem knýr skipið.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins tekur það aðeins til skemmtibáta sem skráðir eru á skipaskrá auk þeirra erlendu skemmtibáta sem notaðir eru í íslenski landhelgi að staðaldri, sbr. 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Samkvæmt lögum um skráningu skipa á að skrá skip á skipaskrá sem eru 6 metrar á lengd eða lengri, mælt milli stafna. Núna eru á íslenski skipaskrá um 400 skemmtibátar og eru flestir þeirra um 5–30 brúttótonn en allir undir 65 brúttótonnum. Þetta er í fyrsta sinn sem fjallað er sérstaklega um skemmtibáta í lögum og krafist skipstjórnarskírteinis til að stjórna slíkum skipum. Erlendis hafa í mörg ár gilt ítarleg ákvæði um menntun og þjálfun þeirra sem stjórna skemmtibátum. Margir þeirra sem eiga skemmtibát hafa hins vegar aflað sér menntunar á þessu sviði.

Það krefst kunnáttu og þekkingar að stjórna skemmtibáti eins og öðrum bátum. Því er nauðsynlegt að þeir sem stjórna slíkum bátum hafi til þess þá lágmarksþekkingu sem krafist er af öðrum sem um svæðið sigla og nauðsynleg er til að fyllsta öryggis sé gætt. Stjórnendur skemmtibáta þurfa að geta sannað þekkingu sína með einhverjum hætti og er því lagt til í frumvarpinu að þeim verði gert að afla sér skipstjórnarskírteinis. Stjórnendur skemmtibáta verða að þekkja siglingareglur á umferðarleiðum til að tryggja öryggi bátsins og manna um borð og annarra sem á sjó sigla. Þeir þurfa einnig að geta staðsett bátinn og komist aftur til lands þótt aðstæður séu erfiðar. Einnig verða þeir að geta brugðist rétt við hætum á neyðarstundu. Auknar líkur eru á mistökum ef kunnáttan er lítil. Mistök og vanþekking geta haft alvarlegar afleiðingar, svo sem valdið tjóni, jafnt á skemmtibátnum sjálfum sem öðrum skipum og umhverfi, auk meiðsla á fólki eða jafnvel banaslysum í alvarlegustu tilvikunum. Sé

tjónið bæt看legt fellur það á tryggingafélag bátsins sem á endanum getur þurft að bera skaðann af mistökum eða vanþekkingu skipstjórnarmanns.

Með hliðsjón af framangreindu er eðlilegt að gerðar séu kröfur til stjórnenda skemmtibáta á sama hátt og gert er um önnur farartæki. Í reglugerð verður nánar kveðið á um þær námskröfur sem gerðar eru til þeirra sem óska eftir að fá skírteini til stjórnunar skemmtibáts. Ætlast er til þess að nám til stjórnunar skemmtibáts feli í sér fullnægjandi fræðslu á skipstjórn skemmtibáts og vélarrúmi hans svo að fyllsta öryggis sé gætt í hvívetna.

Í 1. mgr. 28. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði 11. gr. taki gildi 1. janúar 2007. Eftir þann tíma verða allir sem sigla skemmtibátum sem notaðir eru í íslenskri landhelgi að hafa aflað sér tilskilinnar menntunar og þjálfunar og hafa fengið útgefið skírteini sem 11. gr. gerir kröfu um.

Lagt er til í 3. mgr. að sömu skilyrði eigi við um þá aðila sem stjórna erlendum skemmtibátum, þ.e. skemmtibátum sem skrásettir eru erlendis, óháð því hvort þeir eru í eigu Íslendinga eða erlendra aðila, séu þeir notaðir að staðaldri í íslenskri landhelgi. Skulu slíkir aðilar uppfylla kröfur 1.–3. mgr. um skírteini eða vera handhafar annars sambærilegs erlends skírteinis. Siglingastofnun Íslands er falið mat á því hvort erlent skírteini telst vera sambærilegt þeim sem gerð er krafa um hér á landi samkvæmt ákvæðinu.

Um 12. gr.

Með þessari grein er kveðið á um að sérstakt skírteini þurfi til að gegna starfi skipstjórnarmanns og vélstjórnarmanns á öðrum skipum en nefnd eru sérstaklega í 8.–11. gr. frumvarpsins. Um skilyrði slíkra réttinda, þ.m.t. um menntun og þjálfun, siglingatíma og heilbrigðiskröfur, verður nánar fjallað í reglugerð. Með öðrum skipum er t.d. átt við sanddæluskip, dráttarbáta, hafnsögubáta, vinnubáta, björgunarskip o.fl., sbr. 27. tölul. 3. gr. frumvarpsins þar sem hugtakið er nánar skilgreint.

Lagt er til með frumvarpinu að Siglingastofnun Íslands ákveði fjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á þeim skipum sem hér um ræðir, sbr. 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um hvernig með skuli fara ef veita á undanþágu til að gegna tilteknu starfi um borð í skipi. Miðað er við að undanþágunefnd geti, í undantekningartilfellum og þegar menn með tilskilin réttindi vantar til starfa, veitt nauðsynlegar undanþágur til að gegna stöðu á tilteknu skipi til allt að sex mánaða í senn. Í 3. mgr. er tekið fram að undanþágu megi aðeins veita þeim sem hefur skírteini til að gegna næstu lægri stöðu eða uppfyllir kröfur reglugerðar um undanþágur.

Ef tekið er mið af 8. og 9. gr. frumvarpsins raðast stöður skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipum á eftirfarandi hátt verði frumvarpið að lögum:

Skipstjórnarmenn

1. Skipstjóri
2. Yfirstýrimaður
3. Skipstjóri
4. Yfirstýrimaður
5. Undirstýrimaður
6. Skipstjóri/stýrimaður

Takmarkanir

- engar takmarkanir
engar takmarkanir
<24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum
<24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum
engar takmarkanir
<12 metrar að mestu lengd í strandsiglingum.

Vélstjórnarmenn

1. Yfirvéltjóri
2. 1. véltjóri
3. Yfirvéltjóri
4. 1. véltjóri
5. Undirvéltjóri (rekstrarsvið)
6. Yfirvéltjóri
7. 1. véltjóri
8. Vélavörður

Takmarkanir

- engar takmarkanir
 engar takmarkanir
 vélarafl <3.000 kW
 vélarafl <3.000 kW
 engar takmarkanir
 vélarafl ≤1.500 kW
 vélarafl ≤1.500 kW
 vélarafl <750 kW og <12 metrar að mestu lengd.

Ákvæði greinarinnar byggjast á ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar. Ef ekki er krafist atvinnuskírteinis í næstu stöðu fyrir neðan má veita þeim undanþágu sem að mati mönnunarnefndar hefur til þess nægjanlega þekkingu og reynslu.

Lagt er til að óheimilt verði að veita undanþágu til að gegna stöðu skipstjóra, sbr. 8. gr., og yfirvéltjóra, sbr. 9. gr., nema í algerum neyðartilvikum og þá aðeins í mjög skamman tíma. Gert er ráð fyrir að undanþágunefnd meti hvaða tilvik teljist til neyðartilvika í hvert sinn.

Gert er ráð fyrir heimild ráðherra í 26. gr. frumvarpsins til að setja frekari reglur um undanþágur.

Um 14. gr.

Hér er gert ráð fyrir að þeir sem hafa skírteini fyrir gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, haldi réttindum sínum óskertum enda fullnægi þeir öðrum kröfum frumvarpsins, t.d. um endurnýjun og viðhald skírteina. Miðað er við að lögmætir handhafar 80 brútrúmlasta skipstjórnarréttinda hafi rétt til þess að fá útgefið atvinnuskírteini sem skipstjóri á fiskiskipum styttri en 24 metrar að skráningarlengd í strandsiglingum, sbr. 1. mgr. í ákvæði til bráðabirgða. Við gildistöku frumvarpsins, verði það að lögum, er heimilt að fá gefin út ný skírteini þó að gildistími þeirra sé ekki runninn út.

Í 2. mgr. er miðað við að breyttar mælingareglur eigi ekki að leiða til þess að atvinnuskírteinishafi missi réttindi til að starfa á skipi sem hann hefur þegar öðlast réttindi til að starfa á. Hafi atvinnuskírteinishafi öðlast réttindi samkvæmt eldri eða gildandi lögum þar sem miðað var við stærð skips í brúttórúmlustum telst hann eftir breytinguna, verði frumvarpið að lögum, halda sambærilegum réttindum til að starfa á því skipi eða samsvarandi skipi sem hann áður hafði réttindi til að starfa á samkvæmt brúttórúmllestærð skipsins en mælist nú stærra í brúttótonnum eða metrum.

Um yfirfærslu eldri skírteina í skírteinaflokka samkvæmt frumvarpi þessu er tekið mið af fylgiskjali II.

Um 15. gr.

Samkvæmt VII. kafla laga nr. 112/1984 og V. kafla laga nr. 113/1984 er skipaðri mönnunarnefnd falið heimild til að ákveða fjölda skipstjórnarmanna í vissum tilvikum. Í 1. mgr. er kveðið skýrt á um það að sérhvert íslenskt skip samkvæmt lögum þessum skuli svo mannað skipstjórnar- og véltjórnarmönnum að unnt sé að sinna öllum þáttum sem tryggja öryggi áhafnar og skips og að framfylgt sé lögum og reglum um verndun umhverfis. Ákvæðið felur í sér ófrávikjanlega efnisreglu um fullnægjandi mönnun um borð í öllum skipum sem undir lögin falla og er ætlað að tryggja hámarksöryggi skipa, áhafna þeirra og umhverfis.

Ráðherra er falið að setja frekari reglur um mönnun skipa í reglugerð, sbr. 26. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Ákvæði greinarinnar byggjast á ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar, sbr. IV. kafla hennar. Í greininni er að finna nokkrar afdráttarlausar ábyrgðarreglur skipstjóra, stýrimanna, yfirvélstjóra og fjarskiptamanns um borð í skipi. Um ábyrgðarreglur skipstjóra, útgerðarmanns og skipverja vísast að öðru leyti til IV. kafla frumvarpsins.

Í 5. mgr. er kveðið á um að ákvæði sjómannaálagi gildi um vinnu- og hvíldartíma skipverja. Við það er miðað að í reglugerð verði nánari ákvæði um vaktstöður, sbr. 26. gr. frumvarpsins.

Í 6. mgr. er gert ráð fyrir ótvíræðri lagaheimild fyrir því að setja megi í reglugerð skorður við því að sami aðili sjái um að annast ýmis verk um borð í skipi, svo sem að stjórna því og stýra hifingum um borð á sama tíma, svo dæmi sé tekið.

Um 17. gr.

Greinin miðar að mestu leyti við sömu reglur og eru í gildandi lögum. Í stað brúttólesta miðast fjöldi skipstjórnarmanna við lengd skipsins, útiveru og ákvæði sjómannaálagi um vinnu- og hvíldartíma. Fjöldi vélstjórnarmanna tekur mið af vélarafla skipsins og ákvæði sjómannaálagi um vinnu- og hvíldartíma. Ákvæði um 14 klst. útiveru að hámarki á hverju 24 klst. tímabili taka mið af ákvæði sjómannaálagi um vinnu- og hvíldartíma. Þau fela í sér takmarkanir á því hve einn maður getur verið lengi eini skipstjórnarmaðurinn um borð. Með þessu er stuðlað að samræmingu áhafnaralaga við ákvæði sjómannaálagi um vinnu- og hvíldartíma skipverja.

Um 18. gr.

Mönnunarnefnd er skipuð fulltrúum þriggja hagsmunaaðila, þ.e. tveimur tilnefndum af útgerðarmönnum, einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einum tilnefndum af Vélstjórafélagi Íslands. Samgönguráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Skipa skal varafulltrúa hvers aðalfulltrúa samkvæmt tilnefningu auk varaformanns án tilnefningar en nefndin er skipuð til fimm ára í senn.

Siglingastofnun ber ábyrgð á því að ákvörðun mönnunarnefndar um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á fiskiskipi sé skráð í lögskráningarkerfi sjómanna. Mönnunarnefnd skal senda Siglingastofnun samrit ákvörðunar um mönnun fiskiskips.

Ráðherra setur nánari reglur um lágmarksönnun skipa, skipan og starfshætti mönnunarnefndar, sbr. 26. gr. frumvarpsins.

Um 19. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er gert ráð fyrir lögbundnum lágmarksfjölda skipverja á varðskipum að því leyti að áskilið er að á hverju varðskipi skuli vera skipherra og yfirvélstjóri.

Um fjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á varðskipum er ákvæði í 4. gr. laga nr. 112/1984, með síðari breytingum, og 2. gr. laga nr. 113/1984, með síðari breytingum. Með frumvarpi þessu er lagt til að ákvæði laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, gildi um mönnun skipstjórnar- og vélstjórnarmanna um borð í varðskipum.

Um 20. gr.

Siglingastofnun Íslands er falin ákvörðun um lágmarksfjölda skipstjórnar- og vélstjórnarmanna á öðrum skipum, sbr. 27. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Um öryggismönnun slíkra skipa vísast til umfjöllunar um 15. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir heimild ráðherra til setningar reglugerðar um áhafnir annarra skipa.

Um 21. gr.

Hér er kveðið á um að útgerðarmaður og skipstjóri skips beri ábyrgð á því að ákvæðum laganna sé framfylgt við útgerð skipsins, t.d. um að áhöfn hafi tilskilda menntun og þjálfun og viðeigandi skírteini og skipið sé rétt mannað, um nýliðakennslu og að reglubundnar öryggisæfingar séu haldnar um borð. Auk þess bera útgerðarmaður og skipstjóri ábyrgð á því að gildandi ákvæðum um vinnu- og hvíldartíma sé fullnægt þannig að skipverjar njóti nauðsynlegrar hvíldar til að geta annast störf sín af fyllsta öryggi.

Um 22. gr.

Greinin kveður á um heimild Siglingastofnunar Íslands til að skera úr um það í vafatilvikum hvort skip teljist vera fiskiskip, varðskip, skemmtibátur eða flokkist undir önnur skip samkvæmt ákvæðum laganna eða reglugerða settum samkvæmt þeim.

Um 23. gr.

Lagt er til að ákvarðanir Siglingastofnunar Íslands, undanþágunefndar og mönnunarnefndar samkvæmt lögnum verði kærnanlegar til samgönguráðuneytis. Um kærur fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

Um 24. gr.

Hér er kveðið á um að Siglingastofnun Íslands sé heimilt að taka gjöld fyrir veitta þjónustu samkvæmt lögnum til að standa undir beinum kostnaði stofnunarinnar. Lagt er til að þau verði ákveðin í gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands.

Um 25. gr.

Greinin krefst ekki nánari skýringa.

Um 26. gr.

Míðað er við að samgönguráðherra setji nánari reglur um útfærslu laganna.

Um 27. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að frumvarp þetta, verði það að lögum, taki gildi 1. september 2006. Hins vegar er lagt til að ákvæði 11. gr. um skemmtibáta taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2007. Er það gert til að gefa viðkomandi aðilum tiltekið svigrúm til að afla sér þeirrar menntunar, þjálfunar og skipstjórnarskírteinis sem 11. gr. gerir kröfu um.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

**Yfirlit yfir íslensk atvinnuréttindi skipstjórnarmanna.
Tillaga að endurskoðun samkvæmt frumvarpi.**

Stærðarmörk	Fjöldi skipa	Lög nr. 76/2001 og reglug. nr. 416/2003, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa. STCW - alþjóðleg réttindi.			Tillaga um íslensk atvinnuréttindi á fiskiskipum og öðrum skipum samkvæmt frumvarpi.			Lög nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum. Atvinnuréttindi á fiskiskipum.		
		Skipstjóri	Yfirstýrim.	Stýrimaður	Skipstjóri	Yfirstýrim.	Stýrimaður	Skipstjóri	Yfirstýrim.	Stýrimaður
6 m s.l.		Viðurkennt námskeið + 18 mán. siglingatími	Viðurkennt námskeið + 18 mán. siglingatími		*1. stig skipstjórnarnáms + 18 mán. siglingatími	1. stig skipstjórnarnáms + 18 mán. siglingatími		Viðurkennt námskeið + 18 mán. siglingatími, 7. gr.	Viðurkennt námskeið + 18 mán. siglingatími, 7. gr.	
<12 m m.l.	1787									
<15 m m.l.	(84) 1871									
<30 brl.	(52) 1923									
<65 BT	(69) 1992									
		1. stig skipstjórnarnáms + 12 mán. siglingatími sem stýrimaður á skipi stærra en 100 BT	1. stig skipstjórnarnáms + 36 mán. siglingatími eða 12 mán. siglingatími og þjálfunarbók + fjarskiptamaður	1. stig skipstjórnarnáms + 36 mán. siglingatími eða 12 mán. siglingatími og þjálfunarbók + fjarskiptamaður	1. stig skipstjórnarnáms + 12 mán. siglingatími sem yfirstýrimaður + fjarskiptamaður	1. stig skipstjórnarnáms + 18 mán. siglingatími + fjarskiptamaður		1. stig skipstjórnarnáms + 12 mán. siglingatími sem stýrimaður á skipi stærra en 30 brl., 8. gr.	1. stig skipstjórnarnáms + 24 mán. siglingatími, þar af a.m.k. 12 mán. á skipum stærra en 30 brl., 6. gr.	
<24 m s.l.	(28) 2020									
<200 brl.	(112)									
<500 BT	(105)									
		2. stig skipstjórnarnáms + 36 mán. siglingatími sem stýrimaður á skipi stærra en 500 BT eða 24 mán. siglingatími sem yfirstýrimaður	2. stig skipstjórnarnáms + 12 mán. siglingatími sem stýrimaður á skipi stærra en 500 BT	2. stig skipstjórnarnáms + 36 mán. siglingatími eða 12 mán. siglingatími og þjálfunarbók + fjarskiptamaður	2. stig skipstjórnarnáms + 24 mán. siglingatími sem yfirstýrimaður á skipi sem er 24 metrar að lengd og lengri + fjarskiptamaður	2. stig skipstjórnarnáms + 12 mán. siglingatími sem undirstýrimaður á skipi lengra en 24 metrar eða lengri eða a.m.k. 12 mán. siglingatími sem yfirstýrimaður eða skipstjóri á skipum sem eru 12 metrar eða lengri að mestu lengd + fjarskiptamaður	1. stig skipstjórnarnáms + 24 mán. siglingatími eða 12 mán. siglingatími og þjálfunarbók + fjarskiptamaður	2. stig skipstjórnarnáms + 24 mán. siglingatími sem stýrimaður á skipi stærra en 30 brl., þar af a.m.k. 6 mán. yfirstýrimaður / 1. stýrimaður á skipum yfir 100 brl., 8. gr.	2. stig skipstjórnarnáms + 27 mán. siglingatími, þar af 12 mán. sem háseti á skipi stærra en 100 brl., 6. gr.	Sjá **
<3.000 BT	(69) 2306									
		3. stig skipstjórnarnáms + 36 mán. siglingatími sem stýrimaður á skipi stærra en 500 BT eða 24 mán. siglingatími sem yfirstýrimaður	3. stig skipstjórnarnáms + 12 mán. siglingatími sem stýrimaður á skipi stærra en 500 BT							
Ótakmarkað	(5) 2311									

Tölur í sviga sýna fjölda skipa á milli viðmiðunarmarka.

30 brl. svarar til mestu lengdar nærri 17–18 metrum.

200 brl. svarar til ca. 30 metra skráningarlengdar og mestu lengdar nærri 34–35 metrum.

65 BT svarar til ca. 20 metra skráningarlengdar og um 22–23 metra mestu lengdar.

500 BT svarar til ca. 42–45 metra fiskiskips.

* Heimild til ráðherra til að setja reglur um útgáfu skirteina til skipstjórnar á skipum sem eru allt að 10 metrar að lengd til siglinga á takmörkðu hafsvæði (innan fjarða) eins og kveðið er á um í reglugerð.

** Til þess að gegna starfi undirstýrimanns á skipi 300–500 brl. skal viðkomandi hafa réttindi skipstjóra á skipi minna en 200 brl.

Fylgiskjal II.**Hugmyndir að útgáfu nýrra skírteina og yfirfærslu eldri skírteina til samræmis við lög og reglugerð um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa.**

Heimilt er að gefa út ný skírteini til skipstjórnarstarfa á íslenskum fiskiskipum og öðrum skipum samkvæmt lögum og reglugerð um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa í stað skírteina samkvæmt lögum nr. 112/1984 og reglugerð nr. 118/1996 á þann hátt sem eftirfarandi tafla sýnir:

Skírteini samkvæmt lögum og reglugerð um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa	Skírteini samkvæmt lögum nr. 112/1984 og reglugerð nr. 118/1996
	Takmarkanir
Skipstjóri/stýrimaður á fiskiskipi <u><10 metrar að mestu lengd með takmarkað farsvið (innan fjarðar).</u>	Skipstjóri á skipi 30 rúmlestir eða minna í innanlandssiglingum.
Skipstjóri/stýrimaður á fiskiskip < 12 metrar að mestu lengd. (Réttindastig sem þeir einir eiga tilkall til sem hafa öðlast réttindi til að gegna stöðu skipstjóra á skipi 30 brúttórúmlestir eða minna í innanlandssiglingum þegar lögin taka gildi.)	Skipstjóri á skipi 30 rúmlestir eða minna í innanlandssiglingum.
Yfirstýrimaður á fiskiskipi <24 metrar að skráningarlengd í strand-siglingum.	Yfirstýrimaður/1. stýrimaður á fiskiskipum og öðrum skipum 200 rúmlesta og minni í innanlandssiglingum (A-3 og 1. stig).
Skipstjóri á fiskiskipi <24 metrar að skráningarlengd í strand-siglingum.	Skipstjóri á 200 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum (A-4 og 1. stig). Skipstjóri á fiskiskipum og öðrum skipum, allt að 80 brl. í innanlandssiglingum (A-2).
Stýrimaður - engar takmarkanir.	Undirstýrimaður á 500 rúmlesta fiskiskipum og minni í innanlandssiglingum (A-4 og 1. stig).
Yfirstýrimaður - engar takmarkanir.	Yfirstýrimaður/1. stýrimaður á fiskiskipum og öðrum skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (A-5 og 2. stig).
Skipstjóri - engar takmarkanir.	Skipstjóri á fiskiskipum og öðrum skipum af ótakmarkaðri stærð og farsviði (A-6 og 2. stig).

Heimilt er að gefa út ný skírteini til vélstjórnarstarfa á íslenskum fiskiskipum og öðrum skipum samkvæmt lögum og reglugerð um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa í stað skírteina samkvæmt lögum nr. 113/1984 og reglugerð nr. 118/1996 á þann hátt sem eftirfarandi tafla sýnir:

Skírteini samkvæmt lögum og reglugerð um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa	Skírteini samkvæmt lögum nr. 113/1984 og reglugerð nr. 118/1996
	Takmarkanir:
Vélavörður <750 kW og á skipum <12 metrar að mestu lengd.	Vélgæslumaður <375 kW og <20/30 BT að undangengnu viðbótarnámi. Vélavörður á skipi (VV). Yfirvélstjóri á skipi með vélarafli 375 kW og minna (VVy).
Yfirvélstjóri <750 kW.	Yfirvélstjóri á skipi með vélarafli 375 kW og minna (VVy) að undangengnu viðbótarnámi. Yfirvélstjóri á skipi með 750 kW vélarafli og minna (VS III).
1. vélstjóri ≤1.500 kW.	1. vélstjóri með 1.500 kW vélarafli og minna (VS II).
Yfirvélstjóri ≤1.500 kW.	Yfirvélstjóri á skipi með 1.500 kW vélarafli og minna og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkað vélarafli (VS I).
1. vélstjóri <3.000 kW.	1. vélstjóri á skipi með vélarafli minna en 3.000 kW.
Yfirvélstjóri <3.000 kW.	Yfirvélstjóri á skipi með vélarafli og minna en 3.000 kW (VF.II).
Undirvélstjóri - engar takmarkanir.	Vélstjóri með 1.500 kW vélarafli og minna (VS II). Yfirvélstjóri á skipi með 1.500 kW vélarafli og minna og 2. vélstjóri á skipi með ótakmarkaða vélarstærð að undangengnu námskeiði (VS I).
1. vélstjóri - engar takmarkanir.	1. vélstjóri á skipi með ótakmarkað vélarafli (VF.III).
Yfirvélstjóri - engar takmarkanir.	Yfirvélstjóri á skipi með ótakmarkað vélarafli (VF.I).

Fylgiskjal III.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa.

Markmiðið með frumvarpinu er að efla öryggi íslenskra skipa og áhafna þeirra og efla varnir gegn mengun sjávar. Í frumvarpinu er meðal annars kveðið á um að útgáfa skírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna verði í höndum Siglingastofnunar Íslands en samkvæmt gildandi lögum hefur útgáfan verið í höndum sýslumanna úti á landi og tollstjóranum í Reykjavík. Jafnframt er kveðið um að gjald sem greiða á fyrir útgáfu og endurnýjun skírteina skuli standa undir kostnaði Siglingastofnunar Íslands vegna afgreiðslu þeirra. Árlega er áætlað að gefin verði út um 100 skírteini og um 300 skírteini endurnýjuð.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum hefur það óverulegan kostnað í för með sér sem mun ekki hafa áhrif á afkomu ríkissjóðs.